


# Að læra af öðrum

*Saga Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum í 20 ár, 1997 – 2017  
og Samvinnu í 10 ár, 2008 – 2018*



**Heimildarvinna og samantekt: Svanhildur Eiríksdóttir**

## Tímalína

- 1997 – Skipulagsskrá
- 1998 – Starfsemi MSS hefst 1. febrúar
- Forstöðumenn:**  
Kjartan Már Kjartansson 1998  
Skúli Thoroddsen 1998-2003  
Guðjónína Sæmundsdóttir frá 2003
- Fyrsta tómstundanámskeiðið haldið, „Hvernig á að segja skemmtisögur“ með Erni Árnasyni. Alls 5542 einstaklingar hafa sótt tómstundanámskeið hjá MSS.  
Íslenskunámskeið hefjast. Alls 5.168 einstaklingar hafa lokið íslenskunámi
- 1999 – Starfsemi flyst í Kjarna
- 2000 – Starfsemi flyst á Skólaveg  
Formlegt samstarf hefst við Háskólann á Akureyri (HA). Fjarnám hefst í viðskiptafræði og hjúkrunarfræði
- 2001 – MSS leiðir fyrsta Markviss verkefnið á Íslandi. Alls hefur MSS lokið 42 Markviss verkefnum
- 2004 – Útskrift viðskiptafræði- og hjúkrunarfræðinema frá HA hjá MSS. Alls 218 nemendur hafa útskrifast úr háskólanámi í gegnum MSS
- 2005 – Samningur gerður við Íþróttakademiuna um húsnæði fyrir fjarnemendur við HA
- 2006 – Fyrstu samningar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Náms- og starfsráðgjöf hefst með samningi við FA. Alls hafa verið framkvæmd 12.476 viðtöl í náms- og starfsráðgjöf
- 2007 – Fyrsta vottaða námsleiðin fer af stað með samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)  
MSS fær starfsmenntaverðlaunin í flokki skóla og fræðsluaðila
- 2008 – Stofnun Samvinnu 15. maí
- 2009 – Fyrsta raunfærnimatsverkefnið fer af stað hjá MSS. Alls 230 einstaklingar hafa farið í gegnum raunfærnimat  
Samningur gerður við Fjölmennt um fullorðinsfræðslu fatlaðra. Alls 35 námskeið hafa verið haldin í fullorðinsfræðslu fatlaðra  
Starfsemin flyst í Krossmóa 4a
- 2010 – MSS opnar útibú í Grindavík  
Hjördís Unnur Másdóttir fær viðurkenningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem fyrirmynd í námi fullorðinna
- 2011 – MSS valið fjölskylduvænt fyrirtæki hjá Reykjanesbæ  
Jón Heiðar Erlendsson hlýtur viðurkenningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem fyrirmynd í námi fullorðinna
- 2013 – MSS fær EQM gæðavottun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins  
MSS er viðurkennd sem framhaldsfræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
- 2014 – Stjórn Samvinnu gerir samning við MSS um rekstur Samvinnu til fimm ára. Um 500 einstaklingar hafa þegið þjónustu frá Samvinnu, starfsendurhæfingu frá árinu 2008
- 2015 – Heimasíða fyrirtækja opnuð á slóðinni fyrirtaeki.mss.is
- 2016 – Markviss þróun kennsluhátta, vendinám, tæknistutt nám og kennsla hefst
- 2017 – Upptökuherbergi tekið í notkun  
Jana Kharatian fær viðurkenningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem fyrirmynd í námi fullorðinna
- 2018 – 20 ára afmæli MSS og 10 ára afmæli Samvinnu. Afmælishátíð 1. febrúar

## Efnisyfirlit

Formáli .....	5
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.....	6
1. Inngangur .....	6
<b>Valkostur í námi fullorðinna</b> .....	6
2. Tómsundanámskeið – Gagn og gaman .....	7
<b>Smurbrauðsnámskeiðið vinsæla</b> .....	7
3. Fyrirtækjaþjónusta .....	8
3.1. Þarfagreining .....	9
3.2. Fræðslustjóri að láni.....	9
4. Íslenskukennsla fyrir erlenda nemendur .....	9
5. Fullorðinsfræðsla fatlaðra .....	10
<b>Fjölbreytileikanum fagnað</b> .....	10
<b>Slá í gegn</b> .....	11
6. Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - námsleiðir .....	11
<b>Fræðslusjóður</b> .....	11
<b>Mikil áhrif á líf nemenda</b> .....	13
6.1. Dregið úr skipulagðri viðveru án þess að skaða gæði námsins .....	14
<b>Vendinámið kallar nemendur til meiri ábyrgðar</b> .....	14
7. Náms- og starfsráðgjöf.....	15
<b>Vonarberar á erfiðum stundum</b> .....	15
7.1. Raunfærnimat.....	16
<b>Unnið að þýðingu matsins fyrir erlenda íbúa</b> .....	16
<b>Hækkar um 20 sentimetra</b> .....	17
8. Fjarnám á háskólastigi .....	17
<b>Mikið byggðamál</b> .....	17
<b>Fjarnám ekki á verkefnalistanum</b> .....	18
<b>Vináttan og hlýjan ómetanleg</b> .....	19
9. Þróunarverkefni.....	19
10. Erlent samstarf .....	20
<b>ICON - Inverted Classroom Online</b> .....	21
<b>Flip the Classroom</b> .....	21
11. Verðlaun og viðurkenningar .....	21
12. Innra starfið .....	22
<b>Gæðakerfi og markaðsmál</b> .....	22

13. Stolt af nemendum sem hefja sína vegferð hjá MSS .....	22
<b>Kom ekki dúr á auga</b> .....	23
<b>Getum verið stolt af mörgu</b> .....	23
<b>Framtíð MSS er björt</b> .....	24
14. Samvinna starfsendurhæfing.....	24
14.1. Inngangur .....	24
14.2. Hugmyndafræði Samvinnu .....	25
14.3. Mikill velvilji fyrirtækja á svæðinu .....	26
14.4. „Þvílíkar hetjur og gersemar“ .....	26
14.5. Breytt rekstrarform.....	27
14.6. Endurhæfingarferlið.....	27
14.7. Eftirfylgni.....	28
14.8. Veruleikakassinn.....	29
15. Mikilvægt að hafa náungakærleika og stuðning í endurhæfingarferlinu .....	30
<b>Mun minna brottfall</b> .....	31
16. Starfsmenn MSS í maí 2018 .....	32
17. Heimildir .....	33

## Formáli

Haustið 2007 hafði Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum samband við mig til að athuga hvort ég hefði áhuga á að skrifa 10 ára sögu miðstöðvarinnar. Mér fannst það hljóma mjög spennandi þótt ég væri nýkomin af fæðingardeildinni með þriðju dótturina. Söguna þekkti ég aðeins og vissi að mikil bylting hafði orðið í menntamálum á Suðurnesjum eftir stofnun miðstöðvarinnar. Ekki síst skipti máli að gefa fólki möguleika á háskólamenntun heima í héraði með fjarnámi en það gjörbreytti búsetuskilyrðum fólks. Margir hafa nýtt sér þann möguleika. Áttblöðungur var gefinn út með Víkurfréttum 28. desember 2007 og svo ítarlegri saga í apríl 2008. Hana er að finna á vef MSS, [www.mss.is](http://www.mss.is).

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og heill áratugur bæst við starfsemina. Aftur hafði Guðjónína samband um áframhaldandi ritun, nú undir árslok 2017. Stutt var þá í tímamótin, 20 ára afmæli MSS en litlu lengra í 10 ára afmæli Samvinnu, sem áhugi var á að tvinna saman. Úr varð að rekja tímalínuna í afmælisveislunni 1. febrúar en gefa út ítarlegri sögu bæði á prenti og á vef MSS í kringum afmæli Samvinnu þann 15. maí.

Haldið var upp á afmælin með veglegri dagskrá allan afmælisveturinn þar sem hver mánuður átti sitt þema. Öll þemun hafa verið viðfangsefni í starfsemi MSS.

Október: Heilsa

Nóvember: Sjálfstraust

Desember: Hugarró

Janúar: Fjölmennig

Febrúar: Afmælishátíð

Mars: Fjármál

Apríl: Atvinnulíf

Maí: Skapandi starf

## Fótsporið

Á afmælishátíð MSS og Samvinnu þann 1. febrúar var listaverkið Fótsporið afhjúpað. Særún Rósa Ástþórsdóttir verkefnisstjóri hjá MSS fór yfir tilurð þess við afhjúpun á hátíðinni:

„Listaverkið Fótsporin er unnið út frá vinnustofu sem haldin var í tilefni af 20 ára afmæli MSS og 10 ára afmæli Samvinnu. Vinnustofan var unnin með fyrrverandi og núverandi nemendum okkar og markmiðið var að ná fram reynslu, upplifun og ávinningi þess að fara í nám á fullorðinsárum. Við höfðum samband við nemendur sem höfðu farið mismunandi leiðir í gegnum nám hjá okkur. Nemendur okkar eru allir einstakir á sinn hátt og þannig er leið þeirra í námi einnig.

Við lögðum áherslu á að hóparnir í vinnustofunni hefðu sótt mismunandi þjónustu hjá okkur, á eigin vegum, í gegnum náms- og starfsráðgjöf, Samvinnu starfsendurhæfingu, háskólann á Akureyri og svo framvegis.

Í vinnustofunni klipptu nemendur út sín eigin fótspor og unnu með myndrænum hætti með reynslu sína og upplifun. Hver og einn gerði þrjú fótspor sem táknuðu upphaf náms, reynslu þess að vera í námi og svo tilfinninguna við námslok. Fótsporin voru svo lögð í stíg sem leiddi að vitanum – vitinn er táknrænn fyrir tækifærin, leiðarljósinn, víðsýnina og grunninn sem lagður er í gegnum nám. Vitinn sjálfur – múrinn eða steypan er þá grunnurinn, það sem

lagt er á sig og mótar leiðina. Þegar komið er upp í vitann að ljóshúsinu má sjá vítt yfir land og sjó, hóla og hæðir – víðsýnin sem maður öðlast í námi, sigurtilfinning þegar komið er upp á toppinn, áfanganum er náð.“

Mynd á forsíðu er af Fótsporinu.

## **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum**

### **1. Inngangur**

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) var stofnuð 10. desember 1997. Auk þess að fjölga valkostum í menntamálum fyrir íbúa svæðisins jókst aðgengi almennings að hvers kyns námskeiðum og meira svigrúm skapaðist til sí- og endurmenntunar.

Frá upphafi hefur hugmyndafræði miðstöðvarinnar verið að styrkja starfsmenntun á Suðurnesjum, skapa jarðveg fyrir nýjar starfstengdar brautir við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og tengja jafnframt saman grunn- og símenntun. Ennfremur þótti mikilvægt að auka framboð á menntun og námskeiðum fyrir fullorðna, efla ráðgjöf og gæði og skapa farveg fyrir ný verkefni á Suðurnesjum.

Á þeim árum sem MSS hefur verið starfrækt hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt og námsframboðið tekið mið af þörfum viðskiptavina hverju sinni. Miðstöðin leggur metnað sinn í að veita ráðgjöf og persónulega þjónustu ásamt umhverfi til náms þar sem einstaklingum líður vel.

Innan sögu MSS er athyglisvert að skoða þau áhrif sem námsframboð miðstöðvarinnar hefur haft á samfélagið. Háskólamenntuðum einstaklingum hefur fjölgað á Suðurnesjum á því tímabili sem háskólamenntun hefur staðið til boða í fjarnámi í gegnum miðstöðina og önnur úrræði á svæðinu, s.s. Keili. Á sama tíma hefur þeim sem eingöngu hafa lokið grunnskólaprófi fækkað í svipuðum hlutföllum.

Starfsemi MSS er bæði margslungin og dreifð en má segja að sé í hnotskurn sú að þjóna einstaklingum sem:

- eru í starfsendurhæfingu
- eru á vinnumarkaði
- eru að taka sín fyrstu skref á framhaldsskólastigi
- þurfa upprifjun fyrir framhaldsskólastigið
- eru í fjarnámi á háskólastigi
- sækjast eftir tómstundanámi
- eru að hefja íslenskunám
- þurfa á náms- og starfsráðgjöf að halda
- vilja sí- og endurmenntun

### **Valkostur í námi fullorðinna**

Að sögn Guðjónínu Sæmundsdóttur forstöðumanns er kjarninn í starfsemi MSS sá að til hennar geti fullorðið fólk leitað ef það stendur á tímamótum og þarf að endurskoða starfsferil sinn, vill bæta við sig menntun eða bara bæta líf sitt. „Við bjóðum mögulega upp á réttu leiðina en erum líka með náms- og starfsráðgjafa sem hjálpa til við að finna hvað hentar hverjum og einum. Það gleður okkur að sjá sífellt fleiri sem hafa komið til okkar og tekið fyrstu skrefin hvort sem það er í Samvinnu, á stuttum námskeiðum, í námsleiðum

Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, komið í raunfærnimat eða nýtt sér náms- og starfsráðgjöf og halda áfram í námi. Þessir einstaklingar fara síðan gjarnan í annan skóla og koma jafnvel aftur í MSS og nýta sér aðstöðu til fjarnáms á Háskólastigi.”

Undanfarið hefur Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum fest sig enn betur í sessi sem valkostur í námi fullorðinna. Markvisst hefur verið unnið að því að koma á framfæri þeim áherslum sem miðstöðin stendur fyrir og þeim fjölbreyttu námstækifærum sem boðið er uppá innan veggja MSS. Markmiðið er að styrkja þá mynd í hugum fólks að MSS sé skóli þar sem fullorðnir námsmenn hafa tækifæri til þess að nema og efla færni sína á tilteknum sviðum. Hjá miðstöðinni geta þeir fundið styttri og lengri námsleiðir, unnið að sjálfstyrkingu og markvisst styrkt stöðu sína til náms eða á vinnumarkaði.

MSS leggur metnað í að þróa og kenna fjölbreyttar námsleiðir og nýta margvíslegar aðferðir við nám og kennslu. Fjarnámsleiðir hafa skipað aukinn sess og hafa samstarfsverkefni við aðrar miðstöðvar gert það mögulegt að kenna fleiri námsleiðir með fjarnámssniði. Samstarfið hefur verið öflugt. Þá fer hlutur tækni í námi og kennslu vaxandi og hafa leiðbeinendur og verkefnastjórar prófað sig áfram með ný kerfi og aðferðir.

Starfsemi MSS má gróflega flokka í sjö þætti; fyrirtækjasvið, íslenskukennslu fyrir útlendinga, tómstundanámskeið, námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, náms- og starfsráðgjöf, fjarnám á háskólastigi og Samvinnu starfsendurhæfingu. Hér verður stiklað á stóru um þá þætti ásamt öðrum smærri í starfsemi MSS.

## **2. Tómstundanámskeið – Gagn og gaman**

Tómstundanámskeið hafa verið á boðstólum hjá MSS alveg frá fyrstu tíð og dregið að marga þátttakendur. Þetta eru námskeið á borð við tölvunámskeið, tungumálanámskeið og námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til gaman en ekki síður til gagns. Fyrsta tómstundanámskeiðið sem boðið var upp á var „Hvernig á að segja skemmtisögur?“ sem grínistinn Örn Árnason stýrði á fyrstu starfsönn MSS. Alls 5542 einstaklingar hafa sótt margvísleg tómstundanámskeið á þeim 20 árum sem miðstöðin hefur verið starfandi.

Hrönn Auður Gestsdóttir þjónustufulltrúi segir að framboð á tómstundanámskeiðum ráðist af tíðaranda og tískusveiflum hverju sinni. Reynt sé að koma til móts við óskir íbúa svæðisins um námskeið en ávallt þurfi að hafa í huga að ákveðinn lágmarkspáttökufjöldi náist, til að hafa upp í kostnað. Það getur svo verið misjafnt eftir eðli námskeiðsins. „Við sáum það t.d. á árunum eftir hrun að þátttaka í tómstundanámskeiðum jókst mikið. Þá voru áherslur í samfélaginu aðrar auk þess sem boðið var upp á ýmis úrræði fyrir fólk sem var án atvinnu. Nú er niðursveifla í þátttöku námskeiða vegna góðs atvinnuástands og mikillar atvinnuþátttöku fólks.“ Þátttaka í skemmtinámskeiðum og tungumálanámskeiðum rauk upp á árunum 2010 og 2011 og fjöldinn jókst um og yfir 100%. Þátttakan náði svo jafnvægi aftur árið 2012.

### **Smurbrauðsnámskeiðið vinsæla**

Frá því að Hrönn hóf störf hjá MSS haustið 2010 segist hún sjá merki um tískusveiflur í framboði námskeiða. „Matreiðslunámskeið af ýmsum toga verða alltaf vinsæl annað slagið. Ég get nefnt smurbrauðsnámskeið Marentzu Poulsen, námskeið í gerð tapasréttu, sykurmassagerð og kökuskreytingarnámskeið. Tungumálanámskeið hafa komið og farið. Þannig voru norskunámskeið t.d. mjög vinsæl á árunum eftir hrun, þegar fólk var að undirbúa flutning þangað. Núna eru enskunámskeið fyrir útlendinga vinsæl, kannski vegna kröfunnar

um enskukunnáttu í störfum á flugvelliðnum eða bara vegna þess að útlendingar hafa áhugi á að læra annað tungumál en íslensku.“ Alls 842 hafa sótt námskeið í erlendum tungumálum.

Hrönn segir að stundum sé farið með námskeiðin út í hin sveitarfélögin ef þátttaka er mikil. Hér má nefna námskeið í leðurtöskugerð og sykurmassagerð, námskeið sem hafa verið gríðarlega vinsæl.

Af einstaka námskeiðum hin síðari ár nefnir Hrönn námskeiðið „Handmálun og spaði“ hjá listakonunni Þorbjörgu Óskarsdóttur (Tobbu). Í námsmati gáfu allir þátttakendur námskeiðinu góða umsögn, m.a. þá að námskeiðið hafi verið mun skemmtilegra en þeir hafi átt von á. „Ég hugsaði með mér að ég yrði að fara á þetta námskeið og það var satt, þetta var mjög skemmtilegt námskeið sem kom á óvart,“ segir Hrönn sem skellti sér á námskeið í kjölfar góðra umsagna um það.

### 3. Fyrirtækjapjónusta

Einn angi af þjónustu MSS er sí- og endurmenntun fyrirtækja á svæðinu og starfsmanna þeirra. Boðið er upp á námskeið þar sem þarfir fyrirtækjanna og einstaklinganna eru hafðar að leiðarljósi. Hér má nefna námskeið á borð við stjórnun, hópefli og um einelti á vinnustöðum.

Fyrirtækjasvið MSS hefur fundið fyrir þeim mikla uppgangi sem verið hefur á Suðurnesjum að undanförmu. Þegar þjálfar þarf upp nýtt starfsfólk, gera skipulagsbreytingar eða einfaldlega hrista starfsfólk saman leita fyrirtæki gjarnan til MSS eftir þjónustu. Aukin eftirspurn hefur verið eftir námskeiðum, fyrirlestrum og annarri þjónustu sviðsins við að skipuleggja og halda utan um námskeið og fræðslu fyrir fyrirtæki og létta þannig undir með stjórnendum.

Að sögn Birnu Vilborgar Jakobsdóttur sem starfaði hjá fyrirtækjasviði í rúman áratug, áður en hún fór í önnur verkefni innan MSS, leita stjórnendur fyrirtækja á Suðurnesjum í ríkari mæli til MSS nú en fyrstu starfsár fyrirtækjasviðs. Sú markaðssetning sem starfsfólk fór í fyrstu starfsárin, m.a. með kynningarheimsóknum í fyrirtæki, hafi skilað sér og fleiri séu meðvitaðir um þessa þjónustu nú en fyrir nokkrum árum. „Á þeim rúmu 10 árum sem ég starfaði innan fyrirtækjasviðsins þá var þetta mikið hark. Ég fór út í fyrirtæki til að kynna þjónustuna. Margir héldu að MSS væri bara með tómsundanámskeið, föndur og hekl og jú vissu af fjarnáminu frá Háskólanum á Akureyri, en þessi hluti starfseminnar var hulin fólki. Mér finnst við hafa náð að breyta þessu viðhorfi með því að fara í mikla markaðsherferð. Við gerðum heimasíðu, bjuggum til flottan bækling sem við dreifðum víða og svo höfum við á undanförmum árum boðið upp á opna fyrirlestra fyrir atvinnulífið og fyrirtæki á svæðinu, bæði á haust- og vorönn. Nú hringja stjórnendur að fyrra bragði eða senda tölvupóst og óska eftir okkar þjónustu. Þetta hefur því spurst út, sem er ánægjulegt,“ segir Birna.

Sú þjónusta sem atvinnulífið þiggur af fyrirtækjasviði getur verið frá tölvunámskeiðum upp í sérhæfðari námskeið sem tengjast gæðamálum fyrirtækja og vinnustaðamenningu. „Stundum eru fyrirtæki alveg með það á hreinu hvað þau vilja og þurfa en oft langar stjórnendur bara að gera eitthvað, hrista fólk saman og efla það, t.d. á starfsdögum. Ef fara þarf dýpra í málin þá kannski förum við á staðinn og reynum að finna út úr því, annað hvort með stjórnendum t.d. með spjalli, eða við förum í þarfagreiningu. Þá getum við kynnt þeim fræðslustjóra að láni, sem er úrræði sem starfsmenntasjóðirnir greiða. Við höfum líka tekið að okkur að sækja um styrki fyrir fyrirtækin í starfsmenntasjóði. Reynsla okkar og þekking er þar og mörgum finnst gott að losna við þá pappírsvinnu.“



### 3.1. Þarfagreining

MSS hefur verið leiðandi meðal símenntunarmiðstöðva í notkun á þarfagreiningaraðferðinni Markviss. Um er að ræða kerfisbundna greiningaraðferð til að vinna að starfsmannaþróun í fyrirtækjum og stofnunum. Kerfið er danskt að uppruna og sá miðstöðin um þýðingu, útgáfu og ráðgjöf Markviss þarfagreiningar sem á frummálinu nefnist „Strategisk udvikling af Medarbejder.“

Greiningin er unnin í samstarfi við stjórnendur og starfsmenn sem gefst kostur á að meta þekkingar- og færniþörf fyrirtækisins og skipuleggja uppbyggingu í samræmi við það mat.

MSS hefur notað aðferðina nánast í 20 ár þó með breyttu sniði. Farið var að vinna eftir íslensku þýðingunni á árinu 2002 og þá var einnig opnuð heimasíða verkefnisins, í viku símenntunar. Miðstöðin hefur lokið 42 Markviss verkefnum frá upphafi, bæði í fyrirtækjum á Suðurnesjum og ýmsum sem starfa á landsvísu og þá í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á starfsstöðum þeirra.

### 3.2. Fræðslustjóri að láni

Fræðslustjóri að láni er verkefni sem unnið er í samstarfi við starfsmenntasjóði, sem greiðir kostnað við þátttöku fyrirtækja í verkefninu. Í framhaldi er myndaður rýnihópur úr öllum deildum fyrirtækisins og gerð er greining á fræðsluþörfum starfsfólks. Að rýni og greiningu lokinni er útbúin fræðsluáætlun sem oftast er til tveggja eða þriggja ára.

Í framhaldi af slíkum verkefnum sér MSS mjög oft um skipulagningu og utanumhald stakra námskeiða í fræðsluáætluninni og gott samstarf skapast milli fyrirtækisins og MSS.

Umfang fyrirtækjasviðs í starfsemi MSS er orðið þó nokkuð. Um 1850 þátttakendur sóttu 106 námskeið sem haldin voru fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu 2017. Þetta er talsverð aukning frá árinu á undan þegar litið er til þátttakendafjölda og árið 2017 var það besta frá upphafi hjá fyrirtækjasviði MSS.

## 4. Íslenskukennsla fyrir erlenda nemendur

Öflug íslenskukennsla hefur verið einn af hornsteinum starfsemi MSS til margra ára. Hjá MSS er kennd íslenska á fimm stigum þar sem bæði skrif- og talmál er æft. Eitt af markmiðum MSS er að hjálpa einstaklingum til að halda áfram að efla sig. Meðal annars er unnið í því að hvetja erlenda nemendur sem hafa góða íslenskukunnáttu til að hefja nám með Íslendingum eins og í Grunnmenntaskólanum, Menntastöðum og Skrifstofuskólanum. Leitast hefur verið við að blanda erlendum og íslenskum nemendum saman í hópa en það hjálpar bæði erlendum nemendum að læra íslenskuna enn betur og eykur fjölbreytileikann meðal nemendahópa MSS. Ásamt íslenskukennslunni hefur hluti af starfi MSS verið að tengjast ólíkum menningarþjóðum, m.a. í gegnum Evrópuverkefni miðstöðvarinnar.

Sveindís Valdimarsdóttir verkefnastjóri íslenskunámskeiða hjá MSS og stjórnandi Landnemaskólans hóf að kenna innflytjendum íslensku fyrir rúmlega áratug. Hún segir þennan nemendahóp sannarlega auðga samfélagið. Þess má geta að erlendir íbúar í Reykjanesbæ einum eru rúmlega 20% af heildaríbúafjölda. Þó nokkuð er um innflytjendur en stærsti hluti þeirra er fólk sem flyst hingað vegna atvinnu.

Sveindísi finnst mikilvægt að innflytjendum líði vel á Íslandi og því sé ráð að styrkja sjálfsmynd þeirra. Innflytjendur sem hingað leiti séu oft að flýja erfiðar aðstæður og því skipti máli að styðja við það og aðstoða við að fóta sig í samfélaginu. Auk samstarfs við Reykjanesbæ nefnir Sveindís gott samstarf við Vinnumálastofnun, Virk og VSFK, sem öll eru til húsa í Krossmóanum eins og MSS. „Þá höfum við átt gott samstarf við Rauða krossinn en þau félagasamtök eru gríðarlega mikilvæg erlendum borgurum sem eru að fóta sig hér á landi,“ segir Sveindís í viðtali við Dagnýju Huldu Erlendsdóttur blaðamann hjá Víkurfréttum í byrjun árs 2017.

Um tíma var einnig starfrækt Lingua Café að finnskri fyrirmynd í samvinnu við Café Petit, þar sem kaffihúsgestum gafst kostur á að þjálfa talmál í ýmsum tungumálum sem skipt var niður á borð. Verkefnið var eitt af þeim Evrópuverkefnum sem MSS hefur tekið þátt í. Mörg hafa tengst eflingu íslensks talmáls.

Sú jákvæða þróun hefur orðið á síðustu árum að fleiri nemendur sækja fleiri námskeið, ljúka jafnvel öllum stigunum fimm og hafa nokkrir haldið áfram upp í Grunnenntaskóla og Menntastofur eða valið sér styttri námsleiðir s.s. skrifstofuskólann. Sú þróun veitir nemendum vissulega aukna starfsmöguleika.

## **5. Fullorðinsfræðsla fatlaðra**

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurnesjum. Gott samstarf hefur einnig verið við Björgina, sem sér m.a. um framkvæmd námskeiðsins „Hugur og heilsa.“ Jenný Þórkatla Magnúsdóttir þroskaþjálfari hélt lengst af utan um þetta verkefni en á undanförunum árum hefur Jón Kristinn Pétursson forstöðumaður Hæfingarstöðvarinnar stýrt fullorðinsfræðslunni.

Alla jafna er boðið upp á fjögur til fimm námskeið á önn, s.s. ýmis tómtundanámskeið, færni- og sjálfstyrkingarnámskeið. Matreiðslunámskeið hafa einnig verið vinsæl, að sögn Jennýjar og hafa slík námskeið m.a. verið haldin fyrir íbúa í þjónustuíbúðum. Þá hafa verið sett upp námskeið í tengslum við List án landamæra, listahátíð sem fagnar fjölbreytileikanum. Settar hafa verið upp leiksýningar í samstarfi við Leikfélag Keflavíkur og sveitarfélögin á Suðurnesjum sem sýnd hafa verið í Frumleikhúsinu og tónleikar í Hljómahöll. Þá hefur afrakstur myndlistarnámskeiða jafnan verið sýndur í húsakynnum í Krossmóa á listahátíðinni.

### **Fjölbreytileikanum fagnað**

Í List án landamæra vinnur allskonar fólk saman enda markmiðið að auka gæði, aðgengi, fjölbreytileika og jafnrétti í menningarlífinu. Verkefnið nær allt aftur til ársins 2009 og hafa margir komið að þátttöku, m.a. menningardeild Reykjanesbæjar. Guðlaug María Lewis deildarstjóri menningarmála segir að upphaf þátttöku þeirra megi rekja til þess að í október árið 2008 hafi menningarfulltrúa borist bréf frá stjórn Listar án landamæra þar sem áhugasamir voru hvattir til þátttöku. „Við slögum til og boðað var til fundar í Bíósal Duus Safnahúsa með ýmsum hagsmunaaðilum og fulltrúum úr stjórn Listar án landamæra. Með þeim í för var Njarðvíkingurinn Jenný Þórkatla Magnúsdóttir sem sat þá í stjórninni og starfaði hjá Hinu húsinu í Reykjavík en hún hafði einmitt átt frumkvæðið að því að virkja Suðurnesin til þátttöku í hátíðinni.“

Jenný réð sig síðan til starfa há MSS árið 2010 og tók þá við verkefnastjórn fullorðinsfræðslu fatlaðra. Guðlaug segir að þá hafi farsælt samstarf Reykjanesbæjar og MSS um verkefnið

hafist. „Samstarfið fólst í því að að MSS bauð upp á námskeið sem enduðu með þátttöku í listahátíðinni List án landamæra auk þess sem Jenný var virkur þátttakandi í framkvæmdateymi hátíðarinnar sem stýrt var af menningarsviði Reykjanesbæjar. Ákveðið var að Reykjanesbær héldi utan um framkvæmdina þar sem stærstur hluti fatlaðs fólks sækir þjónustu þangað en frá upphafi hefur verið lagt upp með að um samstarfsverkefni allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum sé að ræða.“

Hátíðin List án landamæra hefur alla tíð verið haldin á eða í kringum sumardaginn fyrsta. Að sögn Guðlaugar hefur ýmislegt verið tekið fyrir og reyndir listamenn oft verið kallaðir til, í leiklist, söng og myndlist. „Sex sinnum hafa verk verið sett á svið í Frumleikhúsinu með þátttöku fatlaðra og ófatlaðra listamanna og upp úr því varð til leikhópurinn Bestu vinir í bænum. Í eitt skipti voru tónleikar haldnir í Frumleikhúsinu. Fjórum sinnum hafa félagar í Björginni geðræktarmiðstöð staðið fyrir Geðveiku kaffihúsi. Myndlistarsýningar hafa verið settar upp í Duus Safnahúsum og víðar og tónlistarviðburðir orðið til og má þar t.d. nefna samstarf Mús Gunnarssonar og Villa Naglbíts en sá fyrnefndi samdi lag og sendi á Villa sem útsetti og þeir fluttu fyrir troðfullum Bíósal. Á sama stað hélt móðir Mús, myndlistarmaðurinn Lína Rut samsýningu með syni sínum Nóa. Þjónustunotendur Hæfingarstöðvarinnar gerðu í þrjú skipti stórskemmtilega vídeó „sketcha“ þar sem þeir bentu með gamansömum hætti á þá fordóma sem fatlaðir verða fyrir í sínu daglega lífi.“

### **Slá í gegn**

Enn ein vel heppnuð hátíð er nýafstaðin þar sem fjölbreyttur hópur tónlistarfólks tróð upp í Hljómahöll. Guðlaug segir að ákveðið hafi verið að skipta um kúrs fyrir tveimur árum og hrinda í framkvæmd hugmynd sem framkvæmdastjórnin hafði gengið með í maganum um nokkurt skeið. Hún var sú að byggja á þeim grunni sem bærinn er hvað þekktastur fyrir, sem sagt tónlist. „Markmið þess verkefnis er að skapa vettvang fyrir fatlað tónlistarfólk til að láta ljós sitt skína og veita þeim tækifæri til að vinna með þekktu tónlistarfólki. MSS er mikilvægur hlekkur í þessu samstarfi þar sem þau hafa starfræktan sönghópurinn Geimsteina sem undirbýr fólk undir þátttöku í tónleikunum, bæði einstaklinga og sönghópurinn sem heild. Hugmyndin var einnig að útvíkka verkefnið þannig að til okkar kæmu listamenn annars staðar frá til að taka þátt í viðburðinum með okkur. Það er að gerast en við höfum fengið gesti frá Reykjavík, Akranesi og Selfossi. Draumurinn er að horft verði til okkar og að árlega höldum við flotta tónleika þar sem fatlaðir og ófatlaðir tónlistarmenn komi fram og slái í gegn.“

## **6. Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins - námsleiðir**

### **Fræðslusjóður**

Straumhvörf urðu í símenntunargeiranum árið 2006. Þá gerði Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) þjónustusamninga við símenntunarstöðvar um allt land sem fólu í sér náms- og starfsráðgjöf fyrir vinnumarkaðinn, mat á raunfærni einstaklinga og framboð á hagnýtum námsleiðum. Eitt af markmiðum FA hefur verið að auka menntunarstig þjóðarinnar en um það leyti sem FA var stofnuð árið 2002 var 40% landsmanna einungis búinn að ljúka skyldunámi.

Fyrsta námsleiðin sem MSS bauð upp á í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var Laugar, lindir, böð fyrir Bláa lónið árið 2006. Sama ár hófst Landnemaskólinn og Aftur í nám. Menntastöðir hófust árið 2009 og svo koll af kolli bættust sífellt fleiri námsleiðir við. Forstöðumaður MSS rifjaði það upp í 20 ára afmælisræðunni á hversu góðum tíma fyrir

Suðurnesin samningarnir komu. Varnarliðið lokaði herstöðinni árið 2006 og tveimur árum síðar kom bankahrun. Hægt var að bregðast við atvinnumissi fólks með fjölbreyttu námsframboði enda ruku aðsóknartölur að námi hjá MSS upp á árunum kringum 2006 og 2008. Vinnuálastofnun niðurgreiddi kostnað við námsskeiðssókn fólks sem var atvinnulaust.

Alls 3281 einstaklingur hefur lokið vottuðum námsleiðum innan samnings MSS og FA. Þar af er tæpur þriðjungur úr Grunnmenntaskóla og Menntastoðum.

**Grunnmenntaskólinn** er 300 kennslustunda nám sem miðast við grunn í bóklegum fögum. Leiðin hentar vel fyrir þá sem hafa litla formlega menntun og jafnvel ekki lokið grunnskóla. Reynslan hefur sýnt að Grunnmenntaskólinn er góður undirbúningur fyrir Menntastoðir. Ná má samfellu í námi með þessum leiðum og þannig bæta möguleika brottfallsnemenda til þess að fara aftur af stað í nám. Eins hefur Grunnmenntaskólinn reynst góð leið fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál til þess að þjálfa talað mál sem og ritað. Þeir sem ljúka Grunnmenntaskóla halda gjarnan áfram í Menntastoðir.

**Menntastoðir** er undirbúningur fyrir frumgreinadeildir Keilis, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Auk þess er hægt að meta námið sem hluta af bóklegum greinum í iðnnámi. Kennsluhættir Menntastoða miða við þarfir fullorðinna nemenda og á námstækni, hópefli og sjálfsefling stóran þátt í skólastarfinu, enda nauðsynlegir þættir fyrir áframhaldandi nám.

Námsleiðin hefur notið mikilla vinsælda hjá MSS og er unnin í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Keili, miðstöð vísinda, tækni og atvinnulífs. Boðið er upp á Menntastoðir í staðnámi, dreifinámi og fjarnámi. Sífellt fleiri nýta sér námsleiðina sem fyrsta skref að frekara námi og stór hluti útskrifaðra halda áfram í námi. Vel hefur tekist að sporna við brottfalli nemenda úr námsleiðinni en mikið álag og hraði í náminu hefur oft reynst nemendum erfiður þröskuldur. Aukin sjálfstyrking, betri tengsl við verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa hefur náð að styrkja hópana til samheldni og auka metnað einstaklinga.

Frá byrjun árs 2010 hefur MSS boðið upp á fjarnám í Menntastoðum í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar víðsvegar um landið. Með tilkomu þess gefst öllum landsmönnum kostur á að taka meirihluta námsins í sinni heimabyggð. Á undanförunum árum hefur miðstöðin lagt metnað í markvissa þróun kennsluhátta. Spegluð kennsla eða vendikennsla er notuð þegar við á og hefur ekki síst aukist vegna aukins framboð á fjarnámi og aukinnar aðsóknar fullorðins fólks í nám. Í speglaðri kennslu hafa nemendur aðgang að fyrirlestrum á kennsluvef en mæta í verkefnatíma hjá kennara. Þá var upptökuherbergi tekið í notkun á haustmánuðum 2017 en það er notað til að taka upp fyrirlestra fyrir fjarkennslu.

**Opnar smiðjur** er 120 kennslustunda smiðjur unnar eftir námsskrá FA. Meginmarkmið smiðjanna er að leyfa þátttakendum að kynnast ákveðnum fögum og störfum með því að læra vinnubrögð í gegnum vinnustofur (work shop). Hér má nefna Kvikmyndasmíðju, Hljóðsmíðju, Hönnunar- og tilraunasmíðju og Grafíska smíðju, sem allar hafa verið í boði hjá MSS með góðum árangri.

**Brúarleiðir** Boðið hefur verið upp á þrjár brúarleiðir hjá MSS, Félagsliðabré, Leikskólalabré og Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúarbrú. Bryrnar hafa verið kenndar í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands og fer kennslan ýmist fram hjá MSS eða Fræðslunetinu í gegnum fjárfundabúnað.

**Landnemaskólinn** Landnemaskólinn er 120 kennslustunda námsframboð. Námið í Landnemaskólanum samanstendur af íslensku talmáli, samfélagsfræði, tölvu- og upplýsingamennt og færni- og ferilskrárgerð. Landnemaskólanum er ætlað að undirbúa nemendur fyrir þátttöku á vinnumarkaði hér á landi. Hluti námsins er að leggja áhugasviðspróf fyrir nemendur og aðstoða þá við gerð starfsferilsskrár.

**Skrifstofuskólinn** Skrifstofuskólinn er námsleið tengd skrifstofugreinum og er ætluð þeim sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki eða þeim sem vilja efla sig í starfi. Lokamarkmið leiðarinnar er m.a. að nemendur efli færni, auki sjálfstraust og hæfni til þess að starfa á nútímaskrifstofu. Leiðin hefur notið vinsælda og ný tækifæri skapast t.d. með raunfærnimati. Skrifstofuskólinn er unninn í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi.

**Sölu-, markaðs- og rekstrarnám** Námið er tengt sölu, rekstri og markaðssetningu en námið hentar mjög vel fyrir þá sem starfa við sölu, eru í sjálfstæðum atvinnurekstri eða hafa í hyggju að stofna eigið fyrirtæki. Nemendur geta notað eigið fyrirtæki eða hugmynd sem dæmi í náminu, unnið viðskiptaáætlun, sett fram plan um markaðssetningu og svo framvegis.

**Fiskvinnslunámskeið** Grunnnámskeið í fiskvinnslu er ætlað þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, það er í flökun, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum og að borði neytandans ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna. Hraðar breytingar á vinnumarkaði og aukin tæknivæðing kalla á nýja færni í ýmsum störfum.

**Sterkari starfsmaður** Námsleiðin Sterkari starfsmaður er ætluð fólki á vinnumarkaði sem vill auka færni til að takast á við breytingar í starfi og auka færni sína í upplýsingatækni og tölvum.

**Aftur í nám – lesblinduleiðrétting** Aftur í nám er námsleið sem hefur skapað sér sess í samfélaginu. Leiðin er ætluð lesblindum einstaklingum og byggir á Ron Davis aðferðinni um lesblinduleiðréttingu. Óhætt er að segja að námskeiðið hafi opnað dyr fyrir marga einstaklinga sem töldu að þeir gætu aldrei yfirstigið þá hindrun sem lesblinda getur óneitanlega verið í námi. Leiðin veitir einstaklingum trú á því að þeir geti lært og bætt lífsgæði margra lesblindra einstaklinga.

### **Mikil áhrif á líf nemenda**

Í júnímánuði 2013 var ákveðið að hringja út í alla nemendur sem lokið höfðu tilteknum námsleiðum hjá MSS. Námsleiðirnar voru Menntastoðir, Grunnmenntaskólinn, Aftur í nám, Fjörefni og Skrifstofuskólinn. Úrtakið voru 526 fyrrverandi nemendur og náðist í 67% af hópnum. Niðurstaðan var góð að mati starfsmanna og voru þeir að vonum ánægðir með það sem fram kom.

Niðurstöður sýndu að um 60% nemenda í þessum tilteknu námsleiðum höfðu farið í áframhaldandi nám að lokinni námsleið og að um 94% af þeim höfðu hug á frekara námi. Af þeim sem höfðu farið áfram í nám voru um 67% sem höfðu farið í Háskólabrú/frumgreinadeild og 11% höfðu farið í hefðbundinn framhaldsskóla í bóklegt nám eða iðnnám. Það sýndi sig að nám hjá MSS hafði mikil áhrif á líf nemenda. Flestir töldu námið hafa haft áhrif á löngun til áframhaldandi náms og það hefði haft góð áhrif á sitt persónulega líf. Á bilinu 25 til 50% töldu að námið hefði haft áhrif á starfsmöguleika sína.

### 6.1. Dregið úr skipulagðri viðveru án þess að skaða gæði námsins

Á undanförunum árum hefur þróun og tækni í námi og kennslu tekið mikinn kipp hjá MSS. Stefnan í kennslufræði fullorðinna miðar að frekari þróun og auknum gæðum og að miðstöðin verði framúrskarandi á sviði fjarkennslu og fjarnáms. Svo góður árangur hefur náðst í þróun fjarnámsins að MSS er leiðandi í fjarnámi meðal símenntunarmiðstöðva á landinu. Gott samstarf er við nokkrar símenntunarmiðstöðvar sem felst í því að nemendur geta stundað fjarnám hjá MSS en sótt stuðning og námsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöð í sínum heimabæ. MSS hefur þá umsjón með fjarnámi Menntastofa fyrir þessa nemendur en símenntunarmiðstöðin í heimabæ námsmanns verður eins og námsmiðstöð fyrir hann þar sem hann getur fengið náms- og starfsráðgjöf og aðstoð og stuðning í námi.

Að sögn Særúnar Rósu Ástþórsdóttur verkefnisstjóra hefur MSS verið að þróa kennsluhætti síðan 2009, þegar miðstöðin hóf að bjóða upp á dreifinám í Menntastofum. Ári seinna hófst fjarnám í Menntastofum. „Frá 2009 höfum við unnið markvisst að því að gera námið hentugra fyrir þá sem vilja stunda það með vinnu. Það gerum við með því að bjóða upp á sveigjanleika í námi.“

Særún segir muninn á fjarnámi og dreifinámi vera þann að í fjarnámi fer námið alfarið fram á netinu en nemandi mætir í miðstöðina í upphafi og lok námsins. Dreifinámið sé hins vegar blandað nám, þar sem nemandi mætir einu sinni í viku í MSS og annan hvern laugardag. Viðvera í skólanum er því meiri en í fjarnáminu sem og tengslin við skólann og aðra nemendur.

### **Vendinámið kallar nemendur til meiri ábyrgðar**

Meðal annarra nýjunga er spegluð kennsla eða vendikennsla en svo er kölluð sú kennsluáferð þegar nemendur horfa á myndbönd í gegnum netið, t.d. af fyrirlestri kennara, áður en kennslustund hefst. Kennslustundin er þá notuð til þess að vinna verkefni, hafa umræðutíma og þess háttar. Í vendikennslu eru gerðar þær kröfur til nemenda að þeir séu virkir og ábyrgist sjálfir sitt nám. Námið snýst nú um annað og meira en að mæta í skólann og nema þar kennslufnið. Öll undirbúningsvinna fer fram heima á þeim tíma sem hverjum og einum hentar.

„Með þessari aðferð gefst færi á að fara dýpra í efnið, að tíminn sé ekki að fara í það að kennarinn sé að þylja upp efni af glærum heldur að vinna úr efninu. Það er árangursríkari leið til að læra. En þetta þýðir að við verðum að hafa fleiri verkfæri en þarf í staðnámi. Við erum með flott upptökuherbergi, upptöku- og klippiforrit. Næsta skrefið í þróuninni er að halda vel utan um alla aðila þannig að við erum alltaf að tengjast kennurunum betur, sem flestir eru verktakar hjá okkur. Við þurfum að efla kennslufræði fullorðinna, þekkingu á því og halda vel utan um öll tengsl sem eru utan kennslurýmingsins.“

Á undanförunum árum hefur einnig verið boðið upp á vendikennslu í Félagsliðabré og Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré. Það nám er kennt í samstarfi við Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi sem staðið hefur yfir í sex ár. Særún segir gríðarmikla þekkingu og reynslu hafa orðið til með þeim nemendum sem lokið hafa námi, bæði hjá miðstöðvunum sjálfum og í fagstéttum brúarnámsins. Síðastliðið haust hófst einnig vendinám í Skrifstofuskólanum og frá og með haustinu 2018 verður Sölu-, markaðs- og rekstrarnámið einnig kennt í vendinámi.

Særún segir miðstöðina taka þátt í ýmsum erlendum verkefnum tengdum kennslufræði og að nú sé í skoðun hvaða stefnu MSS vill taka í framtíðinni í þeim fræðum, t.d. varðandi tækni og aðferðir. „Áframhaldandi samstarf mun án efa fela í sér áskoranir og vert er að hafa í huga að

fjarkennsla og notkun tækja í námi krefst sífelldrar þróunar og endurskoðunar í tak við nýja tíma, eins og ég hef vikið að.“

## 7. Náms- og starfsráðgjöf

### Vonarberar á erfiðum stundum

Hluti af þeim samningi sem MSS og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerðu árið 2006 snéri að náms- og starfsráðgjöf. Tveir til þrjú fastráðnir starfsmenn hjá MSS hafa sinnt náms- og starfsráðgjöf í gegnum tíðina. Ráðgjöfin hefur notið sífellt meiri vinsælda hjá almenningi á Suðurnesjum, ekki síður atvinnuleitendum en hinum almenna bæjarbúa. Þjónustan sem einstaklingar nýta sér tengist m.a. sjálfstyrkingu, markmiðasetningu, áhugasviðsgreiningu og raunfærnimati. Einnig býður MSS upp á hópráðgjöf og ráðgjöf á vinnustað. Alls 12.476 einstaklingar hafa nýtt sér náms- og starfsráðgjöf hjá MSS frá upphafi til dagsins í dag.

Um það leyti sem náms- og starfsráðgjöfin er að fara af stað var herstöðinni á Keflavíkurlugvelli lokað sem þýddi atvinnumissi fyrir fjölmarga Suðurnesjamenn. Tveimur árum síðar verður efnahagshrun sem hafði enn verri áhrif á íbúa og atvinnulíf á svæðinu. Anna Lóa Ólafsdóttir starfaði við náms- og starfsráðgjöfina frá upphafi og til ársins 2015. Henni er ýmislegt minnisstætt frá þessum tíma. „Ég segi nú stundum að þetta tímabil hafi ekki bara haft mikil áhrif á starfsemi MSS heldur á faglega þróun hjá mér persónulega. Að vera allt í einu að aðstoða allan þann fjölda sem stóð uppi án vinnu var lærdómsríkt og krefjandi ferli. Það má segja að starfsemin okkar hafi breyst á einni nóttu. Það kom klárlega í ljós hversu miklu máli skiptir að starf símenntunarstöðvanna sé sveigjanlegt og taki mið af því sem er í gangi í samfélaginu hverju sinni.“

Andrúmsloftið varð litað af því að fólkið sem misst hafði vinnuna upplifði að starfsferill þeirra væri á vissan hátt gjaldfelldur með brotthvarfi hersins. Starf sem hafði skipt máli varð minna virði utan girðingar og þetta þurfti fólk að vinna með. Anna Lóa segir að á þeim námskeiðum sem miðstöðin hafi boðið þessu fólki upp á hafi mikil áhersla verið lögð á sjálfstyrkingu. Hún segist hafa getað lesið áfallið úr augum fólks. Þar brunnu spurningar á borð við Hvað nú? Hver ætlar að koma okkur til aðstoðar? „Þess vegna var svo gríðarlega mikilvægt að bregðast strax við og koma þeim skilaboðum áleiðis að það væri verið að hugsa í lausnum. Samtakamátturinn var mikill á svæðinu sem lýsir sér best í að eftir hrunið þá komum við að stofnun Virkjunar mannauðs á Reykjanesi, sem var samstarfsverkefni bæjarfélaga og stofnana á Suðurnesjum. Markmiðið með starfseminni þar var að koma til móts við fólk sem hafði misst vinnuna og aðstoða það við að búa til ný tækifæri með námi, námskeiðum, tómstundum og fleiru. Þá var Virkjun ekki síður samkomustaður fyrir fólk til að minnka líkur á félagslegri einangrun og óvirkni sem eykur aftur líkur á þyngri endurkomu á vinnumarkað þegar rofar til þar.“

Liður í sjálfstyrkingunni var að láta fólk sem hafði lengi starfað hjá varnarliðinu skrá niður alla færni sína, hvernig sem hún var tilkomin en með því móti gat fólk áttað sig á að það bjó yfir færni og þekkingu sem væri hægt að yfirfæra á íslenskan vinnumarkað. En Anna Lóa segist ekki síst hafa þurft að bregða sér í hlutverk vonarbera, þegar einstaklingur kom og sagðist vera búinn að sækja um 40 störf en ekki einu sinni fengið eitt viðtal. „Ég held að fólk geri sér ekki alveg grein fyrir því hvernig er að búa á svæði þar sem atvinnuleysi er orðið 13-14% og heyra svo út undan sér; það geta allir fengið vinnu sem vilja það. Nei, þannig var það ekki á þessum tíma, vinnan var ekki til og því mikil áskorun að aðstoða einstaklinga við að halda í vonina og sjá ljósið. Þegar ég lít til baka þá verð ég að

segja að ég er stolt af aðkomu MSS á þessum tíma en ég veit um marga sem nýttu þennan tíma til að mennta sig og efla til nýrra starfa.“

### 7.1. Raunfærnimat

„Svo lengi lærir sem lifir,“ segir máltækið. Raunfærnimat byggist á því að meta færni einstaklinga og setja fram raunstöðu hans í sinni grein. Með því móti er hægt að staðsetja einstaklinginn inn í formlega skólakerfið á framhaldsskólastigi. Að því loknu eru allar leiðir skoðaðar til þess að einstaklingurinn geti lokið námi. Ávinningurinn er því bæði einstaklingsins og samfélagsins.

Raunfærnimat hófst hjá MSS árið 2010. Frá þeim tíma hafa alls 230 einstaklingar nýtt sér úrræðið. Gott samstarf hefur verið við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fisktækniskóla Íslands í Grindavík um nám að loknu raunfærnimati.

Að sögn Jónínu Magnúsdóttur sem um árabíl starfaði sem náms- og starfsráðgjafi hjá MSS var raunfærnimatið í símenntunarmiðstöðum landsins stofnað í kringum iðngreinar. Margir höfðu t.a.m. starfað við ákveðna iðngrein í 20 til 30 ár en aldrei lokið formlegri menntun. Með raunfærnimatinu var þeim gert kleift að fá starfsreynslu sína, námskeið og færni metna til eininga, sem gerir einstaklingum auðveldar fyrir að ljúka formlegu námi. Síðan hafa best við störf eins og félagliði og stuðningsfulltrúi, fisktækni og skrifstofugreinar á borð við verslunarfulltrúa og skrifstofutækni. Hún segir atvinnulífið einnig hafa viðmið sem raunfærnimatið komi á móti, eins og hafi tíðkast meðal gjaldkera í bönkum.

#### **Markmið raunfærnimats er að:**

- geta stýtt nám í framhaldinu
- sýna fram á reynslu og færni í starfi / í atvinnuumsókn
- leggja mat á hvernig einstaklingur getur styrkt sig í námi / starfi

#### **Eftir námið getur einstaklingurinn tekið ákvörðun um að:**

- klára það sem vantar uppá til að ljúka námi
- nýta matið sem stökkpall í annað nám
- nýta matið til að skoða hvar viðkomandi er staddur

„Raunfærnimat snýst um að meta raunþekkingu þína, sama hvaðan hún er tilkomin. Þarna er verið að taka saman reynslu þína á vinnumarkaði, persónulega reynslu og reynslu í félagslífi og félagsstörfum. Það er ýmislegt þar sem fólk fær þekkingu á, bara t.d. í gegnum störf í bæjarstjórn. Skilyrðin fyrir þátttöku í raunfærnimati er 25 ára lífaldur og fimm ára staðfestur vinnutími í greininni sem einstaklingur hyggst ljúka námi í, t.d. með lífeyrissjóðsyfirlitli.“

#### **Unnið að þýðingu matsins fyrir erlenda íbúa**

Í raunfærnimati fer einstaklingurinn í gegnum ákveðið ferli. Eftir að hafa sótt um að undirgangast raunfærnimat og standast inntökuskilyrði hittir hann ráðgjafa sem fer með honum í gegnum ferlið, hvað það þýði og hvernig það er framkvæmt. „Ef viðkomandi á erindi í raunfærnimatið þá fer hann í gegnum færniöppugerð, þar sem hann skráir niður alla sína færni, hæfni, þekkingu, starfsreynslu, nám og námskeið sem hann hefur tekið. Síðan fer hann í gegnum lista með viðmiðunum. Þannig er hann svolítið að undirbúa sig fyrir matið.“



Lokahnykkurinn í raunfærnimatinu er þegar matið berst matsaðila en þeir eru sérfræðingar í þeim greinum sem standa til boða innan matsins. „Varðandi framkvæmdina erum við í samstarfi við Iðuna fræðslusetur, en öll undirbúningsvinna fer fram hjá okkur og í sumum tilfellum raunfærnimatið sjálft. Ekki er boðið upp á raunfærnimat í öllum greinum allar annir, en þá höfum við möguleika á að vera í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar.“

Á döfinni er að þýða raunfærnimatið yfir á önnur tungumál svo hægt verði að bjóða erlendum íbúum svæðisins upp á raunfærnimat. Jónína segir marga þeirra þó hafa öðlast grunnfærni í tungutaki sinnar stéttar á íslensku og geti því undirgengist raunfærnimat í sinni grein. Enn fleiri tali þó ekki neina íslensku og því þurfi að koma til móts við þann hóp. „Þetta á að vera stökkpallur fyrir þessa einstaklinga til þess að komast inn í íslenska skólakerfið, a.m.k. inn í þessa starfstengdu námsskrá, sem ég held að sé gríðarlega mikilvægt. Þessum erlendu einstaklingum á bara eftir að fjölga á vinnumarkaðnum, þannig að við þurfum að finna tækifæri fyrir þessa einstaklinga svo þeir aðlagist betur að vinnumarkaðnum okkar. Þetta er eitt tækið til þess.“

### **Hækkar um 20 sentimetra**

Jónína nefnir að fullt sé til af frábærum sögum af einstaklingum sem hafa farið í gegnum raunfærnimatið og blómstrað í framhaldinu. „Raunfærnimatið er ekki bara hugsað til að stytta námið heldur til að auka sjálfstraust einstaklingsins. Með því að fara yfir þekkinguna og reynsluna kemst fólk að því að það bæði veit og kann ýmislegt. Fólk hefur komið til okkar svolítið bogið og óöruggt, finnst það jafnvel ekkert eiga erindi í þetta. En eftir að hafa látið sannfærast og undirgengist matið kemst það að hinu sanna og það fer út 20 sentimetrum hærra eftir ferlið. Það er mjög gaman að upplifa það. Fólk er líka oft duglegt að leyfa okkur að fylgjast með, segja okkur hvar það er statt og svoleiðis. Þá er maður þessi tengiliður sem þarf og við erum dugleg við að styðja fólk áfram. Okkur finnst við líka eiga mikið í þessu ferli.“

Á vef MSS má lesa eftirfarandi ummæli fólks sem hefur farið í gegnum raunfærnimat hjá miðstöðinni.

Bryndís Rúnarsdóttir matartæknir í Landsbankanum segir: „Ég ákvað að fara í raunfærnimat vegna þess að ég þekkti manneskju sem hafði farið í svona mat. Síðan matið fór fram er ég búin að klára nám í matartækni frá MK. Ég fékk helling metið í raunfærnimatinu. Ég myndi segja við þann sem er að hugsa um að fara í svona mat að drífa sig því þetta er algjör snilld að eiga möguleika á því að ná sér í réttindi með svona auðveldum hætti.“

Robert Henry Vogt gæðastjóri segir: „Ég lenti í óhappi út á sjó sem gerði mig óvinnufæran og vildi nýta tímann á meðan. Fór fyrst í sterkari starfsmaður og í framhaldi af því þá kom sú umræða upp hvort ekki væri gott að senda mig í raunfærnimat. Fór sem sagt í raunfærnimat og kláraði í framhaldinu fisktæknina. Tók síðan viðbótarnám í Gæðastjórnun. Ég hvet alla eindregið til að fara í raunfærnimat á meðan það býðst. Þetta gefur manni forskot í námið. Að fara í nám á mínum aldri virkar eins og vítamínsprautu í tilveruna.“

## **8. Fjarnám á háskólastigi**

### **Mikið byggðamál**

Aldamótaárið 2000 hófst háskólakennsla í fjarnámi í gegnum fjarfundabúnað í húsakynnum MSS. Árið áður hafði MSS gert samstarfssamning við Háskólann á Akureyri (HA) sem fól í sér að námsmenn á Suðurnesjum gætu stundað háskólanám heima í héraði með aðstoð

fjarfundabúnaðar. Eins og fram kom í 10 ára sögu MSS var fjarnámið mikið byggðamál sem hefur gert samfélagið á Suðurnesjum ríkara.

Fyrst um sinn var hægt að velja um tvær námsleiðir, hjúkrunarfræði og viðskiptafræði. Fyrstu nemarnir voru útskrifaðir 17. júní árið 2004 við hátíðlega athöfn í Keflavíkirkirkju, átta viðskiptafræðingar og níu hjúkrunarfræðingar. Dagurinn var merkilegur í menntasögu Suðurnesja. Hann bar vitni um aukin tækifæri til náms og var varða á leið í að fjölga háskólamenntuðum á svæðinu.

Árið 2003 var hlutfall háskólamenntaðra á Suðurnesjum 21,5 en hlutfallið var komið í 28,8% árið 2014. Gera má ráð fyrir að talan sé um 30% í dag. Á sama tímabili lækkaði hlutfall íbúa á Suðurnesjum sem eingöngu hafa lokið grunnmenntun úr 41,3% í 25,2%. Sé höfuðborgin tekin með var meðaltal háskólamenntaðra rétt rúm 35% árið 2014 og meðaltal grunnskólamenntaðra rúm 25%.

Frá MSS hafa útskrifast 218 háskólanemar úr fjarnámi í 11 greinum, viðskipta- og hjúkrunarfræði, kennaranámi, iðjuþjálfun, líftækni, leikskólafræðum, sálfræði, fjölmiðla- og menntunarfræði og heilbrigðisvísindum.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í framkvæmd og framboði fjarnáms síðan fyrstu nemarnir voru brautskráðir árið 2004. Nemendur í Háskólanum á Akureyri þurfa ekki lengur að mæta á fjarfundi í húsnæði MSS, þar sem það fer nú að mestu leyti fram í gegnum vefi skólanna. Fjarfundasendingarnar hafa því að miklu leyti dottið niður. Bæði Háskólinn á Akureyri og Bifröst nýta þó miðstöðuna fyrir próftöku. Þá nýta hinir ýmsu skólar, íslenskir og erlendir, sem og nemendur skólanna sér aðstöðuna hjá MSS fyrir prófatöku og heimanám.

### **Fjarnám ekki á verkefnalistanum**

Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum var í öðrum hópnum sem útskrifaðist úr fjarnámi frá HA, þá orðin viðskiptafræðingur. Hún á ekkert nema góðar minningar frá námsárunum í húsakynnum MSS í Gamla barnaskólanum, enda segir hún fjarnemahópin hafa verið eins og aðra fjölskyldu nemenda. Hins vegar hafi ekki verið átakalaust að taka þessa ákvörðun, að setjast á skólabekk meðfram fullri vinnu og fjölskyldu.

Berglind hafði ekki lokið stúdentsprófi en tekið marga kúrsa í fjölbraut og bjó yfir góðri starfsreynslu. Að auki hafði hún stofnað fjölskyldu og keypt hús, þannig að ákvörðun um að fara í háskólanám var ekki á verkefnalistanum. Svo sá hún fjarnámið auglýst þegar það var að hefjast árið 2000 og löngun kviknaði þó duginn hafi vantað það árið. „En svo var þetta auglýst aftur árið eftir svo ég ákvað að sækja um og fékk inni. Ég lét bara slag standa þegar ég komst inn, þó ýmsar áskoranir hafi blasað við, ekki bara fyrir mig heldur alla fjölskylduna.“ Berglind hóf námið haustið 2001 og var í öðrum útskriftarhópnum árið 2005. Í febrúar 2009 útskrifaði Berglind með viðbótardiplóma úr Opinberri stjórnsýslu. Nú er Berglind að ljúka mastersnámi í opinberri stjórnsýslu.

Fjarnámið var sniðið að vinnandi fólki, tímarnir sendir út í gegnum fjarfundarbúnað seinni part dags og einstaka laugardaga. Ef ekki voru tímar var nemendahópurinn sem Berglind tilheyrði mættur til að vinna hópastarf, klára verkefni eða annað sem þurfti í náminu. „Með því að hafa þessa aðstöðu hjá MSS, tölvur og námsver fengum við þessa tilfinningu að við værum í raun í bekk. Við vorum líka dugleg að kenna hvert öðru, það var alltaf einhver sem vissi eitthvað sem maður vissi ekki sjálfur. Við megum ekki gleyma því að á þessum tíma þá voru ekki allir með internet heima hjá sér, þannig að maður fór líka til að fara á netið og leysa þar próf sem við þurftum að leysa og skila innan ákveðins tímaramma. Einhver okkar áttu

fartölvur en ekki nettengdar. Ég held að það hafi ekki einu sinni verið netkort í þeim öllum. Þetta var næsta stig við stílabókina.“ Minningarnar kalla fram bros hjá Berglinni.

### **Vináttan og hlýjan ómetanleg**

Berglind nefnir ekki síður hversu mikilvægir samnemendurnir voru í öllu ferlinu, því allir voru á sama stað í lífinu, í fullri vinnu og með fjölskyldu. „Það voru allir óniskir að lána glósumnar sínar eða hjálpast að við að læra undir próf. Við hittumst alltaf fyrir prófatarnir, þar sem farið var yfir gömul próf. Einn tók kannski að sér að vera í hlutverki kennara og við leystum úr þessu saman.“ Hún segir mikinn vinskapi og væntumþykju hafa myndast innan hópsins. Hún tekur jafnvel svo djúpt í árinna að sennilega hefðu þau ekki getað klárað þetta nema einmitt fyrir þessa samheldni, auk baklandsins og umgjarðarinnar sem búin var til af starfsfólki MSS. „Það var búið að laga kaffi og kveikja á kertum þegar við vorum að fara í próf. Þessi vinátta og hlýja var ómetanleg.“

*-Heldurðu að þú hefðir farið í háskólanám, ef þetta fjarnám hefði ekki staðið þér til boða?*

„Ég hefði aldrei gert það nei. Þetta er mikil ákvörðun. Þegar maður hefur skuldbundið sig þá er mikil ákvörðun að hætta að vinna og fara í skóla. Þarna opnaðist hins vegar gluggi fyrir mig til að mennta mig betur án þess þó að gefa afslátt af því sem ég hafði. Þetta er bara ómetanlegt og ég hefði bara aldrei annars farið í skóla, ég skal alveg játa það.“

## **9. Þróunarverkefni**

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er virkur þátttakandi í þróunarverkefnum á sviði framhaldsfræðslunnar. Flest verkefni eru samstarfsverkefni styrkt af þróunarsjóðum.

Hluti þessara verkefna eru brúarleiðirnar sem hafa verið nefndar og smiðjurnar innan samstarfs við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hér verða fjögur verkefni til viðbótar sérstaklega dregin fram.

**Hreysti.** Markmið verkefnisins var að þróa sérsníðna endurhæfingu ætlaða þeim sem þurfa að byggja sig upp líkamlega og auka andlega vellíðan ásamt því að auka fjölbreytni í heildstæðum endurhæfingarúræðum á Suðurnesjum.

Hreysti er byggt á þremur meginþáttum: hreyfingu, núvitund og heilsutengdri fræðslu. Þungamiðja endurhæfingarinnar er hreyfing undir leiðsögn fagaðila bæði einstaklingsmiðuð og í hópi. Farið er yfir heilsufar og líkamlegt ástand í viðtali við ráðgjafa og markmið sett. Þátttakandinn hefur aðgang að ýmsum sérfræðingum á meðan endurhæfingu stendur.

Endurhæfingin er góð leið fyrir þá einstaklinga sem eru að koma sér af stað í hreyfingu en þurfa til þess aðstoð og utanumhald. Einnig þá sem eru að glíma við stoðkerfisvanda til dæmis eða eru að jafna sig eftir slyss og/eða veikindi.

Verkefnið var styrkt af VIRK starfsendurhæfingarsjóði.

**Færni í ferðaþjónustu – Fjarnám.** Markmið verkefnisins er að þróa námsefni úr námsleiðinni Færni í ferðaþjónustu I og aðlaga hana að fjarkennslu með snjallsímataekni í huga, þ.e spjaldtölvur og snjallsíma.

Fjarnám í færni í ferðaþjónustu skapar svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna og veitir einstaklingum sem búa við skerta möguleika til atvinnuþátttöku eða náms, framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

**Gæðahandbók fyrir starfsnám.** Markmið verkefnisins er að útbúa gæðahandbók ætluð einstaklingum og fyrirtækjum í starfsnámi sem væri bæði leiðbeinandi í ferlinu og hagnýtt matstæki.

- Próa markvisst starfsnám sem skilar árangursríku og hagnýtu starfi.
- Efla samstarf MSS við fyrirtæki með öflugri kynningu á starfsnámi.
- Styrkja stöðu einstaklinga sem hafa litla skólagöngu og auka möguleika þeirra á vinnumarkaði og/eða námi.

Handbókin er hagnýtt matstæki með fyrirfram skilgreindum hæfniviðmiðum. Þannig yrði lagt mat á þátttöku einstaklings, námstækifæri, starfshæfni og ábyrgð, auk reynslu og upplifun beggja aðila þ.e. einstaklings og fyrirtækis.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

**Vendikennsla í Íslensku I.** Yfirfara á námsefnið í Íslensku 1 fyrir alla, með það fyrir augum að búa til ítarefni á stafrænu og myndrænu formi sem eykur áhuga nemenda og gerir þeim auðveldara að vinna sjálfstætt. Byggt er á hugmyndafræði vendikennslu eða „flipped classes“, þar sem innlögn til nemenda byggir á myndbandsbrotum sem tengjast innhaldi hvers námsþáttar fyrir sig.

**Markmið verkefnisins eru að:**

1. Glæða námsefnið lífi og gera það áhugaverðara.
2. Gera nemendum kleift að undirbúa sig betur undir kennslu.
3. Kynna námsefnið á stafrænu formi og gera það aðgengilegra bæði fyrir nemendur sem sækja námið hjá MSS, sem og þá sem kjósa að læra á sjálfstæðan hátt af eigin frumkvæði.

Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

## 10. Erlent samstarf

Erlent samstarf hefur verið stór hluti af starfsemi MSS alveg frá upphafi og í raun má segja að grunnurinn að miðstöðinni hafi verið lagður í slíku samstarfi. Markviss verkefnið kom upp úr samstarfi Fjölbrautaskóla Suðurnesja við kollega í Danmörku sem síðar kom til framkvæmda hjá MSS eins og áður var vikið að.

Fyrsta verkefnið sem var unnið frá grunni há MSS var verkefnið „Towards a better world: Adult Education and European Culture“, um árangursríkar kennsluáðferðir. Það var árið 2003 og var farið rólega af stað í erlendu samstarfi. Verkefnum fjölgaði þó smátt og smátt og á afmælisárinu voru sjö samstarfsverkefni í gangi. Að sögn Guðjónínu er mikið sóst í samstarf við MSS. Starfsfólk hafi verið bógott í erlendu samstarfi á liðnum árum enda sé ágóði þess mikill fyrir starfsfólk, í reynslu talið. Hún segir þátttökuna einnig vera góða endurmenntun fyrir starfsfólk auk þess sem margar nýjar námsleiðir hafi sprottið upp úr slíku samstarfi, s.s. opnar smiðjur, sem og nýjar kennsluáðferðir. Sem dæmi nefnir Guðjónína

atvinnuleitarnámskeið og kennsluaðferðir við innflytjendakennslu og fjarkennslu. Þannig hafi upptökuherbergið, sem tekið var í notkun árið 2017, t.a.m. fengist af hluta í slíku samstarfi.

### **ICON - Inverted Classroom Online**

MSS er þátttakandi í alþjóðlega Erasmus+ verkefninu **ICON**. Í verkefninu er lögð áhersla á að efla og þjálfa kennara, verktaka og verkefnastjóra til að nýta sér tækni í kennslu. Farið er í aðferðafræði þess að útbúa gagnleg og vel útfærð kennslumyndbönd með því að læra á upptöku- og klippiforrit.

MSS er sífellt að þróa kennsluaðferðir í fullorðinsfræðslu til að tryggja að stofnunin sé sem best í stakk búin til að mæta þörfum nemenda sinna. Undanfarin ár hefur áhersla verið á speglaða kennslu innan kennslufræðinnar og er þetta verkefni liður í því að auka þekkingu okkar og tækjabúnað á því sviði. ICON er samstarfsverkefni stofnanna frá sex Evrópulöndum sem eru auk Íslands -Ítalía, Portúgal, Þýskaland, Spánn og Noregur.

### **Markmið verkefnisins eru að:**

- Þjálfa og efla kennara til þess að búa til kennslumyndbönd.
- Efla tæknilega þekkingu og útbúa aðstöðu fyrir slíkar upptökur.
- Deila reynslu og þekkingu á fjarnámi/kennslu.
- Efla sérfræðikunnáttu verkefnastjóra og kennara.

Hlutverk MSS er að miðla af reynslu stofnunarinnar og vera leiðandi í því að kenna aðildarþjóðunum á upptökuforritin. Einnig að efla tækjabúnað og tækniþekkingu innan stofnunarinnar og bæta þar með kennslu og kennsluhætti.

### **Flip the Classroom**

MSS stýrir Evrópuverkefninu Flip the Classroom sem miðstöðin vinnur að með fimm öðrum samstarfslöndum. Markmiðið með verkefninu er að læra um vendikennslu og hvernig nota eigi tæknina. Búið verður til námsefni til að nota í tungumálakennslu. Í tengslum við verkefnið var á síðasta ári haldið fimm daga námskeið fyrir kennara og verkefnastjóra um tæknina og hvernig hægt er að nýta hana í vendikennslu. Námskeiðið var haldið á Íslandi og var umsjón og skipulag í höndum MSS.

## **11. Verðlaun og viðurkenningar**

Ein mesta viðurkenning sem einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum getur hlotnast er að störfum þeirra og metnaði er veitt athygli og það verðlaunað. Guðjónína segir starfsfólk afar stolt af starfsemi sinni og upplifunin af þeim fjölmörgu viðurkenningum sem stofnunin hefur fengið og einstaklingar henni tengdri segi þeim að þau séu að gera góða hluti. Einna stoltust segir hún þau vera yfir viðurkenningum til þriggja einstaklinga sem öll hafa stundað nám í gegnum miðstöðina. Eftirtaldir viðurkenningar hafa fallið MSS í skaut.

- Starfsmenntaverðlaunin í flokki skóla og fræðsluaðila árið 2007. Þeir þættir sem sérstaklega voru nefndir við verðlaunaafhendinguna voru lesblinduverkefni miðstöðvarinnar, fjarnámið, náms- og starfsráðgjöf, öflugt námskeiðshald, góð tengsl við hagsmunaaðila og ekki síst frumkvöðlastarfið.
- Hjördís Unnur Másdóttir fékk viðurkenningu frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem fyrirmynd námi fullorðinna árið 2010. Verðlaunin eru veitt þeim einstaklingi sem hefur stundað nám hjá símenntunarmiðstöðvum og hefur sýnt góðan námsárangur, frumkvæði og kjark, auk þess að yfirstíga ýmiskonar hindranir í námi. Hjördís byrjaði í Menntastöðum hjá MSS, fór þaðan í Háskólabró hjá Keili og áfram í Orku- og tækniskóla Keilis.

- Viðurkenningu sem fjölskylduvænt fyrirtæki frá Reykjanesbæ árið 2011.
- Jón Heiðar Erlendsson fékk viðurkenningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem fyrirmynd í námi fullorðinna árið 2011. Jón hóf nám í Menntastöðum hjá MSS, fór síðan yfir Háskólabró Keilis og þaðan í verkfræði í HR.
- EQM vottun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2013. EQM vottunin staðfestir að miðstöðin hafi staðist gæðavottun skv. European Quality Mark (EQM) gæðaviðmiðunum. Með gæðavottun EQM er staðfest að starfsemin stenst evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfsemi.
- Viðurkenning frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti árið 2013 sem aðili til að annast framhaldsfræðslu á Íslandi. Viðurkenning þessi byggir á lögum um framhaldsfræðslu frá árinu 2010. Viðurkenningin byggist á mati á aðstöðu til kennslu, skipulagi náms, námskrám, þekkingu, reynslu, fjárhagsmálefnum, tryggingum og gæðakerfi. Þetta þýðir að gæði og aðstaða miðstöðvarinnar og starfseminnar sem þar fer fram sé til fyrirmyndar.
- Jana Kharatian hlaut viðurkenningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem fyrirmynd í námi fullorðinna árið 2017. Jana, sem flutti til Íslands frá Armeníu, hóf strax nám í íslensku hjá MSS. Að því loknu fór hún í nám fyrir skólaliða og þaðan í nám í leikskóla- og stuðningsfulltrúabré, sem hún lauk undir árslok 2016.

## 12. Innra starfið

### Gæðakerfi og markaðsmál

Árið 2011 var allt innra kerfi MSS tekið til endurskoðunar og tekið upp EQM gæðakerfi (European Quality Mark) sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað. Starfsfólk endurskoðaði alla ferla og útbjó gæðahandbók sem síðan var unnið eftir í öllu starfinu. Úttektaraðilar koma reglulega og taka starfið út og máta við kerfið. Liður í gæðavinnunni var að samræma útlit í kynningar- og markaðsefni MSS. Einn hönnuður sér um alla hönnun á því efni og ávallt er lögð áhersla á vandaðar myndatökur, oftast af hendi atvinnuljósmyndara. Um áramótin 2017 og 2018 var ákveðið að einn starfsmaður miðstöðvarinnar skyldi sinna gæða- og markaðsmálunum, sem áður höfðu verið hliðarverkefni.

Jafnframt var leiðarljós MSS sett árið 2011 og vinnur starfsfólk af metnaði og samvirkusemi eftir leiðarljósunum, sem eru:

### Fagmennska

- Sérþekking, símenntun og fagleg vinnubrögð

### Samskipti

- Trúnaður, traust og virðing

### Framþróun

- Sköpun, sjálfstæði og frumkvæði

## 13. Stolt af nemendum sem hefja sína vegferð hjá MSS

Guðjónína Sæmundsdóttir hefur verið forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum stærsta hluta starfstímans. Hún hóf að vinna hjá miðstöðinni í stjórnartíð Skúla Thoroddsen árið 2001 og hafði fyrst um sinn umsjón með Markviss verkefni. Hún tók við forstöðu árið 2003 eftir aðeins tvö ár í starfi. Síðan eru liðin 15 ár og Guðjónína segir alltaf jafn gaman að koma í vinnuna, enda hafi starfið breyst mikið á þeim árum sem hún hefur starfað hjá MSS. Alltaf séu nýjar áskoranir sem geri það að verkum að ekki sé um sama

starfið að ræða þá og nú. Hana hafi hins vegar ekki órað fyrir því þegar hún sótti um starfið árið 2001 að hún yrði svona lengi í því.

Guðjónína rifjaði upp aðdraganda þess að hún sótti um starfið í ræðu á afmælishátíðinni 1. febrúar 2018. Hún hafi þó alls ekki verið að leita sér að starfi enda í fæðingarorlofi með þriðja barn og að auki í háskólanámi í Osló. Viðtalið sem hún las við Skúla Thoroddsen þáverandi forstöðumann varð hins vegar til þess að Guðjónína fékk áhuga á starfsemi MSS. Henni kom ekki dúr á auga nóttina á eftir og afréð að hafa samband við forstöðumanninn við fyrsta tækifæri.

### **Kom ekki dúr á auga**

„Ég man að ég las viðtalið á föstudegi og það er svo skrítið að alla nóttina var þetta að dúkka upp í hausnum á mér og ég bara gat ekki sofnað. Ég hringdi á mánudeginum niður í MSS og Skúli tjáði mér að það væri nú eiginlega búið að ráða í starfið. „En komdu samt og talaðu við mig,“ sagði hann. Það gerði ég og var svo ekkert ráðin í starfið. Sú sem eiginlega var búið að ráða, hún fékk það.“

Ekki löngu síðar hringdi Skúli í Guðjónínu því starfið hafði losnað og þá mundi hann eftir þessum umsækjanda. Hún afréð að stökkva á vagninn. „Þá óraði mig ekki fyrir því að árið 2018, um 17 árum síðar, yrði ég enn hér. Það hafa hins vegar verið algjör forréttindi að fá að taka þátt í þessum geira sem símenntunargeirinn er og ekki síst að fá að starfa innan MSS. Ég þreytist aldrei á að segja sjálfri mér hvað ég er heppin að starfa akkúrat hér og með því fólki sem ég hef starfað með hvort sem það er hér enn eða horfið á vit annarra starfa.“

Ásamt því að koma Markviss verkefninu á koppinn lagði Guðjónína mikla áherslu á að koma til móts við fólk með lestrar- og skriftarferðleika. Hún segir það vera lið í starfsánægjunni að fá að fylgja fólki frá fyrstu skrefum í námi og alla leið uppúr. Sjá sjálfstraustið aukast, bakið réttast og skrefin styrkjast. „Við erum nefnilega svo stolt af okkar nemendum sem hefja sína vegferð hjá MSS og fara í aðra skóla eftir að hafa lokið námi hjá okkur eða auka starfsmöguleika sína umtalsvert. Einnig heyrum við oft hvað lífsgæðin hafa aukist til muna og eru fjölmargar sögur nemenda sem bera þess vitni. Það eru sögurnar sem fá okkur til að finnast við vera að vinna gott starf.“

### **Getum verið stolt af mörgu**

Í þessu sambandi nefnir Guðjónína þrjár viðurkenningar sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur veitt þremur nemendum MSS, árin 2010, 2011 og 2017 og nefnd hafa verið. Verðlaunin fengu nemendur fyrir að vera fyrirmyndir í námi fullorðinna. „Ég held að þarna hafi ég verið hvað stoltust af starfi okkar hjá MSS. Við vorum líka stolt þegar við fengum Starfsmennaverðlaunin árið 2007 og fyrir útnefninguna sem fjölskylduvænt fyrirtæki frá Reykjanesbæ árið 2011.“ MSS fékk síðan gæðavottun EQM árið 2013 og viðurkenningu frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu sem framhaldsfræðsluaðili sama ár. Margar rósir í hnappagatið hjá MSS.

Guðjónína nefnir hér einnig það gæfuspor sem tekið var þegar MSS ásamt fleiri góðum aðilum á Suðurnesjum stóðu að stofnun starfsendurhæfingarstöðvar sem fékk nafnið Samvinna. Samvinna hóf starfsemi 10 árum eftir að starfsemi MSS hófst og fagnaði 10 ára afmæli 15. maí. „Fyrstu árin hafði Samvinna samning við Félagsmálaráðuneytið en eftir að Virk var stofnuð lagðist sá samningur niður og mest öll starfsendurhæfing í landinu fer fram í gegnum Virk. Virk gerði samning við Samvinnu og eiga starfsmenn þessara tveggja stofnana mjög gott samstarf.“



Hið góða samstarf sem Guðjónína nefnir hefur ekki síður verið út á við og nær til fjölmargra aðila, fyrirtækja og stofnana sem þakka má þann árangur sem náðst hefur hjá MSS og Samvinnu. „Á fyrstu árunum voru mörg fyrirtæki sem m.a. sáu miðstöðinni fyrir tölvum og styrktu starfsemina vel. Það ber að þakka þessum aðilum fyrir samstarfið og langar mig að nefna m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Vinnumálastofnun, sveitarfélögin, Fjölmennt, Keilir, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fisktækniskólann, Fjölbautaskóla Suðurnesja, starfsmenntasjóði, Virk, fyrirtæki á svæðinu og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar út um allt land. Þetta er ekki tæmandi upptalning. Þessu samstarfi má þakka þann árangur sem við höfum náð en síðast en ekki síst öllu því starfsfólki sem hefur komið að MSS á einhverjum tímamarki því hjarta hvers fyrirtækis er starfsfólkið sem þar vinnur hverju sinni.“

### **Framtíð MSS er björt**

Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi MSS á undanförunum árum, þótt landslagið í fjarnámi hafi breyst með bættri tækni og víðtækari tölvueign almennings. Guðjónína segist oft hafa fengið þá spurningu hvort miðstöðin hafi virkilega þurft allt þetta pláss í Krossmóanum? Því hafi verið auðsvarað, gróskan sé mikil og alltaf brjáláð að gera. Ásamt því að líta stolt yfir farinn veg horfir Guðjónína björtum augum fram á veginn. „Hvað framtíð MSS varðar þá tel ég að það nám sem MSS hefur boðið upp á í tengslum við framhaldsfræðsluna muni festast enn betur í sessi og verða meira viðurkennt í íslenska menntakerfinu á komandi árum. Það þýðir að MSS formgerist meira með hverju árinu og held ég að velgengni stofnunarinnar muni ráðast af því að hún geti verið formleg og á sama tíma sinnt atvinnulífinu. Þar skiptir öllu máli að bregðast hratt við því sem atvinnulífinu vantar hverju sinni og þar mega formlegheitin ekki þvælast fyrir.“

Guðjónína segir að lokum að það megi ekki gleymast að MSS sé ætlað að sinna þeim þörfum sem samfélagið hafi hverju sinni. „Næstu árin þá er það uppbygging þekkingar innan atvinnulífsins sem þarf að sinna og þjónusta fyrirtækin varðandi menntun starfsmanna. Hins vegar megum við ekki gleyma því að hlutirnir breytast oft hratt eins og við höfum orðið vör við hér á Íslandi og MSS má aldrei missa þann sveigjanleika sem stofnunin hefur búið yfir. Ef MSS viðheldur sveigjanleikanum þá er framtíðin björt.“

## **14. Samvinna starfsendurhæfing**

### **14.1. Inngangur**

Stofnfundur Samvinnu var haldinn í húsakynnum MSS þann 15. maí 2008. Mikill áhugi og eining ríkti á fundinum sem var vel sóttur og kynntur. Brýn þörf var á að samþætta starfsemi stofnana og félaga á Suðurnesjum til þjónustu og stuðnings við þá aðila sem ekki höfðu átt afturkvæmt á vinnumarkað vegna veikinda, slysa eða félagslegra erfiðleika. Fyrirmyndin að Samvinnu er fengin frá Starfsendurhæfingu Norðurlands sem stofnuð var árið 2003 og hefur gefið góða raun og opnað mörgum skjólstaðingum nýja sýn og fjölmarga möguleika.

Í upphafi var Samvinna sjálfseignastofnun með samning við Velferðarráðuneytið. Fyrsti þátttakendahópurinn sem taldi 22 manns, byrjaði í október 2008. Árið 2014 var Samvinna gerð að starfsendurhæfingardeild innan Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum. Þá var gerður þjónustusamningur við Virk starfsendurhæfingu um öll þjónustukaup sem batt endi á samninginn við ráðuneytið. Samstarf MSS og Samvinnu var mikið alveg frá upphafi og því þótti hagkvæmt að reka einingarnar saman. Með þeim hætti tókst að minnka stjórnunarkostnað og nýta mannauð betur. Þjónustusamningurinn við Virk gerir kröfu um að árangur sé mældur og upplýsingum um starfsemina sé safnað saman.



Að stofnun Samvinnu stóðu Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fjölbautaskóli Suðurnesja, sveitarfélögin á Suðurnesjum, stéttarfélög, Lífeyrissjóðurinn Festa, Vinnumarkaðsráð Suðurnesja og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Að verkefnum standa auk þess félags- og tryggingamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið (síðar velferðarráðuneyti) og menntamálaráðuneytið (síðar mennta- og menningarmálaráðuneytið). Á stofnfundinum samþykktu stofnaðilar stofnskrá, stofnfé og tilnefndu fimm stjórnarmenn og fimm til vara. Sr. Björn Sveinn Björnsson var ráðinn til starfa sem framkvæmdastjóri Samvinnu en Gerður Pétursdóttir tók fljótlega við starfinu og gegndi því fyrstu starfsárin. Ragnhildur Helga Guðbrandsdóttir hefur verið verkefnastjóri Samvinnu frá 1. ágúst 2014.

## 14.2. Hugmyndafræði Samvinnu

Hugmyndafræði Samvinnu gengur út á að vinna að heildstæðri úrlausn með hindranir þátttakenda á einstaklingsmiðaðan hátt. Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar. Endurhæfingin er í formi námskeiða, fræðslu, hópeflis og líkamsþjálfunar þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins. Einnig fer endurhæfingin fram með einstaklingsviðtölum eða þjálfun hjá fagaðilum, vinnuprófun eða starfsþjálfun. Unnið er að því að bæta líkamlega, andlega og félagslega stöðu einstaklinga með það að markmiði að þeir verði tilbúnari í starf á almennum vinnumarkaði eða í áframhaldandi nám.

Áhersla er lögð á að efla og virkja hvern þátttakanda með það að markmiði að hann öðlist trú á sjálfan sig og eigin getu. Þátttakendur fá stuðning við að taka á hindrunum sínum og efla styrkleika sína, ásamt þjálfun í að setja sér raunhæf markmið. Allir sem nýta þjónustu Samvinnu eru með sinn eigin ráðgjafa.

Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður MSS sagði í viðtali við Víkurfréttir að loknum stofnfundi í maí 2008 að starfsemin gengi út á að vinna á heildrænan hátt með einstaklinginn, út frá félagslegri, líkamlegri og sálrænni stöðu, auk þess sem þátttakendur gætu nýtt sér námstilboð. „Stofnanir sem tengjast einstaklingnum vinna saman að því að styðja hann í að ná settu marki. Nám sem boðið er uppá er einingabært á framhaldsskólastigi og getur einstaklingurinn haldið áfram skólagöngu ef hann kýs svo. Einnig gerum við ráð fyrir því að það séu ekki allir einstaklingar tilbúnir til að fara í einingarbært nám og því þarf einnig að bjóða upp á fornám fyrir þá. Hér þarf því að huga að einstaklingsmiðuðu námi. Gera þarf ráð fyrir að einstaklingar geti átt við lestrar- og skriftarerfiðleika að stríða eða aðra námsferfiðleika.“

Í máli Guðjónínu kom einnig fram að rannsóknir sýndu að yfir 70% þeirra sem fara í náms- og starfsendurhæfingu skiluðu sér í nám eða störf að því loknu. Það væri því til mikils að vinna með endurhæfingu og allir aðilar sem græddu á því, hvort heldur lífeyrissjóðirnir, sjúkrasjóðir stéttarfélaganna, samfélagið og einstaklingurinn sjálfur.

Á árunum 2009 – 2013 var hægt að taka allt að 50 einstaklinga í endurhæfingu á sama tíma, skv. samningi Samvinnu við Velferðarráðuneytið. Breytingar urðu á þessu ákvæði með nýjum samningi árið 2013 og er tekið í endurhæfingu eftir öðrum leiðum. Miðað er við að þátttakendur séu á aldursbilinu 18 til 65 ára. Um 500 einstaklingar hafa þegið þjónustu frá Samvinnu starfsendurhæfingu frá upphafi. Konur hafa þar verið í miklum meirihluta. Fyrsti hópurinn hjá Samvinnu var útskrifaður þann 8. janúar 2010 við hátíðlega athöfn í húsnæði Samvinnu við Tjarnargötu 7. Ellefu þátttakendur útskrifuðust og veittar voru viðurkenningar fyrir góða ástundun, námsárangur og mestu framfarirnar.

### 14.3. Mikill velvilji fyrirtækja á svæðinu

Gerður Pétursdóttir hóf störf hjá Samvinnu sem framkvæmdastjóri tveimur mánuðum eftir að fyrsti hópurinn hóf endurhæfingu. Hún segir að lítið hafi verið búið að móta starfið sem fyrst um sinni byggðist á starfi endurhæfingarstöðvarinnar Hringsjár í Reykjavík þar sem mikil áhersla hafi verið á að fögin væru einingabær framhaldsskólafög. „Þetta átti eftir að breytast mikið næstu árin og þróast meira í áttina að heilstæðri endurhæfingu. Fyrsti hópurinn var mjög blandaður og meðalaldurinn hærri en reyndin varð í næstu hópum. Flestir höfðu verið mjög lengi frá vinnu og áhersla var ekki síður á að bæta lífsgæði en að koma fólki aftur út á vinnumarkaðinn.“

Gerður segir að ekki hafi tekið langan tíma að markaðssetja Samvinnu. Eftir tvær til þrjár annir hafi fólk úti í bæ, félagsráðgjafar og lækna verið farin að þekkja úrræðið og samfara þeirri vitneskju tók fjöldi tilvísana að aukast. Með tilkomu Virk starfsendurhæfingarsjóðs komu allar tilvísanir hins vegar frá sjóðnum sem lagði mikla áherslu á að koma fólki hratt aftur út á vinnumarkaðinn. Gerður segir það hins vegar ekki alltaf hafa verið auðvelt. „Flestir þeirra sem var vísað til okkar glímdu við mjög fjölpættan vanda sem þurfti tíma til að vinna úr. Strax í öðrum hópi Samvinnu fórum við að taka inn ungt fólk sem hafði glímt við fíkniefnavanda. Það var mjög mikið brottfall hjá þessum hópi en sigrarnir líka margir og stórir þegar við sáum á eftir þessu unga fólki út í atvinnulífið og inn í framhaldsskólana,“ segir Gerður.

Fyrsta starfsárið fór brottfall allt upp í 47%, m.a. vegna fjölpættis vanda eins og Gerður bendir á, en einnig vegna ákveðinna byrjunarörðugleika. Eftir annað starfsárið þótti einnig ljóst að einstaklingarnir sem komu til Samvinnu þurftu meira aðhald og stuðning en gert er ráð fyrir í venjulegu framhaldsnámi. Margir þeirra höfðu gert ítrekaðar tilraunir til að stunda framhaldsnám en án árangurs. Einnig kom í ljós að stærstu ástæður þess að fólk leitaði til Samvinnu var líkamlegur eða geðrænn vandi eða félagslegar aðstæður. Það hafði flest verið frá vinnu í meira en ár og þegið endurhæfingarlífeyri. Það ánægjulega var að stærsti hluti þátttakenda stefndi á frekara nám og varð það raunin. Þannig er staðan enn þann dag í dag, þ.e. stærstur hluti þátttakenda fer áfram í nám eða út á vinnumarkaðinn.

Á undanförunum árum hefur brottfall farið minnkandi og er einungis á bilinu tvö til þrjú prósent í dag.

Gerður segir að ein af stærstu áskorunum fyrstu starfsár Samvinnu hafi verið fyrir ráðgjafana að velja rétta fólkið inn í endurhæfinguna, þá sem voru líklegastir til að haldast inni í úrræðinu og ná árangri. „Við vorum líka sífellt að þróa endurhæfingarlínurnar og fórum fljótlega að draga úr námsáherslunum og létta það nám sem var í boði til að mæta getu þeirra þátttakenda sem voru hjá okkur. Síðan voru það þeir sem alls ekki vildu vera í bóklegu námi, þá þurfti að þróa annarskonar úrræði fyrir þá. Við buðum upp á atvinnulínu þar sem byrjað var á 6 vikna prógrammi með starfsþjálfun, sjálfstyrkingu, fjármálaráðgjöf o.fl.“

Í lok atvinnulínu fóru einstaklingar í starfsþjálfun í fyrirtæki að eigin vali í nokkrar vikur. Gerður segir að einstakt hafi verið að finna velvilja fyrirtækja á svæðinu, því heyrta hafi til undantekninga ef þjónustuþegi komast ekki að hjá því fyrirtæki sem hann óskaði eftir að fá starfsþjálfun hjá. Þátttakendur Samvinnu hafi að auki staðið sig vel í langflestum tilfellum og verið fyrirmyndar starfskraftar.

### 14.4. „Þvílíkar hetjur og gersemar“

Þegar Gerður lítur yfir starfsár sín hjá Samvinnu segir hún sig hafa verið ósátta við ýmislegt, s.s. þá staðreynd að einungis hafi verið hægt að sækja um endurhæfingarlífeyri eina önn í einu sem skapaði óvissu hjá þátttakendum Samvinnu. Að auki hafi sér fundist að Samvinna

ætti að vera sjálfstæð stofnun með fullkominn fókus á sín verkefni sem er starfsendurhæfing, sér í lagi þar sem lítil þekking hafi verið á starfsendurhæfingarmálum á Suðurnesjum fyrstu starfsárin. Sér sýnist hins vegar samvinna MSS og Samvinnu vera góða og tilkoma Virk hafi breytt miklu fyrir starfið. Hún segist hafa fylgst með Virk úr fjarlægð eftir að hún hætti störfum og sé óhætt að segja að stofnunin hafi lyft grettistaki í starfsendurhæfingarmálum á Íslandi.

„Það var einstakt að fá að taka þátt í mótun starfsemi Samvinnu á upphafsárum hennar. Það sem er minnisstæðast eru auðvitað þátttakendurnir. Þvílíkar hetjur og gersemar sem þau voru, maður sat oft hálfdofinn og hlustaði á lífssögur þeirra sem voru oft á tíðum ótrúlegar. Mikil fátækt, erfið bílsslys, neysla, einelti og allskyns erfiðleikar. Öll áttu þau það sameiginlegt að langa að breyta lífi sínu og flest voru tilbúin til að leggja á sig það sem þurfti til. Ég er enn að hitta þátttakendur um allan bæ í störfum sínum og það fyllir mig stolti að sjá fólk sem hefur unnið sig út úr veikindum og öðrum erfiðleikum og fundið sér stað í samfélaginu og á vinnumarkaðinum. Samstarfsfólkið hjá Samvinnu og MSS var líka alveg einstakt. Þar vann og vinnur fólk með hjartað á réttum stað, alltaf hressst og glaðlegt með vilja til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að byggja upp þátttakendur.“

#### 14.5. Breytt rekstrarform

Árið 2014 ákvað stjórn Samvinnu að fara þess á leit við stjórn MSS að miðstöðin sæi um rekstur Samvinnu og var gerður fimm ára samningur þar að lútandi. Nú er rúmlega ár eftir af þeim samningi. Ástæðan fyrir þessari beiðni var sú mikla og góða samvinna sem hafði verið á milli MSS og starfsendurhæfingarinnar og þau miklu samlegðaráhrif sem líklegast yrðu. Guðjónína segir að nú þegar starfað hafi verið undir þessum formerkjum í þrjú og hálf ár séu þau mjög ánægð með þessa þróun og sjái skýrt og greinilega að starfsemi Samvinnu og MSS styðji við hvor aðra. Þetta eigi t.d. við mannauðinn sem nýtist mun betur í samvinnunni, möguleika á þjónustutilboðum fyrir skjólstæðinga þeirra og nýtingu húsnæðis, svo fátt sé nefnt.

Guðjónína nefndi á afmælishátíðinni 1. febrúar sl. hversu mikið heillaspor stofnun Samvinnu hafi verið og hversu mikil og góð áhrif starfsemin hefur haft á fjölmarga einstaklinga og fjölskyldur þeirra. „Áður þurftu þeir sem vildu fara í endurhæfingu að fara til Reykjavíkur til að eiga kost á þessari þjónustu en þeir sem hafa nýtt sér þjónustu Samvinnu eru um 500 talsins. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að fylgjast með þeim fjölmörgu einstaklingum sem hafa komið hér í gegn og sjá þá breytingu sem hefur orðið á lífi þeirra. Margir hafa gjörbreytt sínu lífi, farið í nám, farið í vinnu og bætt lífsgæði sín umtalsvert.“

#### 14.6. Endurhæfingarferlið

Samvinna starfsendurhæfing er með þjónustusamning við Virk starfsendurhæfingarsjóð sem er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á landinu. Um hann gilda lög nr. 60/2012. Til þess að eiga rétt á þjónustu Virk starfsendurhæfingarsjóðs þarf fólk að vera með heilsubrest sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni.

Allar beiðnir um atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá Samvinnu starfsendurhæfingu eiga að berast til Virk starfsendurhæfingarsjóðs. Þegar tilvísun berst til Samvinnu er einstaklingurinn boðaður í viðtal hjá ráðgjöfum Samvinnu þar sem inntökufærli hefst og endurhæfingaráætlun er unnin af ráðgjafa og þátttakanda í sameiningu.

Í endurhæfingunni er unnið á heildrænan hátt út frá líkamlegum og sálfélagslegum þáttum einstaklingsins og leitast er við að finna heilstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda. Eitt af

lykilatriðum í endurhæfingunni er að hver þátttakandi hefur sinn ráðgjafa sem er tengiliður hans við aðrar stofnanir sem koma að hans málum. Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, markþjálfara, næringarráðgjafa, fjármálaráðgjafa, íþróttifræðing, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðinga, menntastofnanir og námskeiðshaldara.

Grunnhugmyndin að endurhæfingu hjá Samvinnu er sótt til líkans sem hannað var á Húsavík árið 2003 og kallast í dag Byr. Hugmyndafræðin og útfærslan hefur verið í þróun hjá Samvinnu frá árinu 2008 og tekur mið af þörfum einstaklinganna og samfélagsins á Suðurnesjum. Tímalengd endurhæfingar getur verið mjög misjöfn, allt frá einum mánuði upp í tvö til þrjú ár. Á undanförunum tveimur árum hefur ferlinu verið skipt upp í sex vikna stundatöflu. Það er gert til að mæta þörfum einstaklinga til að geta byrjað allt árið um kring og taka inn þátttakendur jafnt og þétt yfir árið. Með þessu móti er hægt að hafa starfsemina án biðlista.

Hjá Samvinnu eru í boði tvær heildstæðar leiðir í starfsendurhæfingu, ásamt eftirfylgd.

### **Mat á stöðu og starfsendurhæfingarmöguleikum**

Um er að ræða endurhæfingu í 1-3 mánuði eftir markmiðum hverju sinni. Þessi leið er nýtt til að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst m.a. fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.

### **Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfingarlína**

Á þessari leið er unnið heildstætt með vanda einstaklings með það að markmiði að einstaklingur fari aftur út á vinnumarkaðinn eða í áframhaldi nám. Gerð er krafa um virkni í 15-20 tíma á viku í bæði hópúræðum og einstaklingsmiðaðri þjónustu.

## **14.7. Eftirfylgni**

Eftirfylgd er fyrir þátttakendur sem hafa lokið endurhæfingu og þurfa á stuðningi að halda í námi eða í vinnu.

Stór hluti endurhæfingarferilsins er starfsþjálfun á vinnustað undir lok ferilsins. Þá eru þátttakendur búnir undir þátttöku í atvinnulífinu sem alltaf er markmiðið eða að þeir komist í nám. Með þeim hætti er hægt að auka lífsgæði einstaklingsins og fjölskyldu hans.

Helstu markmiðin með starfsþjálfuninni eru að:

- þátttakandi fái tækifæri til að prófa nýjan starfsvettvang
- stækka tengslanet þátttakanda og opna leið inn á vinnumarkaðinn
- reyna á starfshæfni þátttakanda á vinnustöðum
- þátttakendur fái yfirsýn yfir vinnumarkaðinn á Suðurnesjum
- Þátttakandi fái tækifæri til að kynnast starfinu á vinnustaðnum með því að vinna þar eins og hann væri einn af starfsmönnum.

Vinnutími þátttakanda er einstaklingsbundinn allt frá hálfum degi, einu sinni í viku til 20 tíma á viku í sex vikur. Þátttakendur fá að kynnast nýjum störfum og hljóta tilsögn um góð vinnubrögð.

Þekkt er að þjónustuþegi hefji störf hjá því fyrirtæki sem hann fór í starfsþjálfun til. Þá hefur aukist að þátttakendur séu í launuðu hlutastarfi sem hluta af endurhæfingu. Hefur það gerst með fjölgun starfa á vinnumarkaði.

#### 14.8. Veruleikakassinn

Á 10 ára afmælishátíð Samvinnu þann 1. febrúar sl. var listaverkið Veruleikakassinn afhjúpað. Verkið var unnið af þátttakendum Samvinnu undir stjórn listakonunnar Þorbjargar Óskarsdóttur, Tobbu. „Vinnan við listaverkið var sjálfskoðun þátttakenda og fjallar um það hvernig við sem einstaklingar förum í ákveðinn kassa og þorum ekki að fara út úr honum. Þorum ekki að taka sjensa, taka ákvarðanir, vera öðruvísi eða láta á okkur bera. Þetta er ákveðið þroskaferli sem þátttakendur Samvinnu fara í gegnum í endurhæfingunni og lýsir þessari áskorun að stíga út úr þægindarammanum þar sem er kannski bara allt í lagi að vera,“ segir listakonnan um verkið.

Við afhjúpunina fluttu erindi þau Ragnheiður Guðmundsdóttir og Guðlaugur Tómasson sem sótt hafa endurhæfingu í Samvinnu. Þau fóru fögrum orðum um starfsemina og starfsfólkið og fékkst leyfi til að birta hluta úr ræðum þeirra.

„Satt að segja veit ég varla hvernig ég er að þora þessu akkúrat núna. En svo hugsá ég aðeins út í alla vinnuna sem ég er búin að leggja í mig sjálfa og mína andlegu hlið.

Fyrir rúmlega ári síðan var ég á botninum í andlegum veikindum. Ég sá ekkert nema svart.

Ég var einangruð í fæðingarorlofi, hafði bælt niður þunglyndi, kvíða og fullt af vandamálum alveg frá því ég var lítil, hafði lent í einelti allt mitt líf og allskonar hræðilegum áföllum.

En loksins í mars 2017 leitaði ég mér hjálpar í fyrsta skipti á ævinni, byrjaði í sálfræðimeðferð og aðeins seinna sótti ég um að komast í endurhæfingu eftir að sálfræðingur og læknir töldu það vera góða lausn fyrir mig. Komst ég svo inn Virk í byrjun júlí og kemst svo inn hjá Samvinnu strax eftir sumarfrí, í ágúst 2017.

Kraftaverkin sem hafa gerst eftir að ég komst í endurhæfingu, til sálfræðings og geðlæknis eru ótrúleg. Það sem ráðgjafar, kennarar, nemendur og bara allir sem ég hef kynnst í Samvinnu hafa hjálpað mér mikið er alveg magnað og satt að segja bara ólýsanlega góð tilfinning.

Ég hef orðið betri og betri manneskja með hverjum deginum, ég er komin á svo miklu betri stað þó ég eigi auðvitað enn smá í land.“

*-Ragnheiður Guðmundsdóttir*

„Mig langar til að segja ykkur frá því að ég var á svipuðum stað í lífinu og fann mér ekki leið út úr þessari svörtu kompu ...hugur minn var farinn að leita í endalokin. Ég taldi mig tilbúinn til að kveðja þennan veruleika. En einn daginn leitaði ég til læknis míns. Þá var mér bent á þennan stað SAMVINNU. Ég hafði nú ekki mikla trú á þeim stað frekar en öðrum stöðum. EN ég hugsáði að það væri nú í lagi að prófa þar sem að ég á þrjú yndisleg börn sem ég var ekki alveg að tíma að sleppa. Þá gerðist það stórkostlega, ég kynnist einstöku fólki sem er tilbúið að hjálpa mér að sjá ljósið og tilganginn í lífinu og það fólk er hér statt í dag. Mig langar að þakka þeim öllum sem hér vinna fyrir alla þá hjálp sem ég hef fengið ÞIÐ ERUÐ EINSTÖK Í MÍNUM HUGA.“

*-Guðlaugur Tómasson*



## 15. Mikilvægt að hafa náungakærleika og stuðning í endurhæfingarferlinu

Ragnhildur Helga Guðbrandsdóttir hefur verið verkefnisstjóri Samvinnu frá 1. ágúst 2014. Hún var starfsmaður hjá Samvinnu í þrjú ár þar á undan og hefur sem slík farið í gegnum ýmsar breytingar í starfsumhverfinu. Fyrst er að nefna þegar Samvinna fór úr því að vera sjálfstæð eining í það að verða deild innan MSS. Hún segir þær breytingar hafi tekið á starfsfólk, eins og breytingar geri gjarnan. Samruninn hafi hins vegar gengið vel, samstarfsfólkið hafi að auki þekkt vel enda unnið undir sama þaki í nokkur ár og átt gott samstarf.

Ári eftir að Helga tók við stöðu verkefnisstjóra voru gerðar breytingar á samningnum sem gerður hafði verið við Virk. Sá samningur breytti starfsendurhæfingarleiðunum úr því að vera línur sem náðu yfir nokkrar annir yfir í styttri leiðir sem hentuðu þjónustuaðilum betur. „Í kjölfar samninganna 2013 var endurhæfingarferlið niðurnjörvað í ákveðnar línur og ráðgjafar pöntuðu þær línur sem þóttu henta hverjum og einum þjónustuþega. Tilvísunum fækkaði mikið í kjölfarið og okkur grunaði að samningarnir gætu verið ein skýringanna. Við fórum því á fund með ráðgjöfum Virk, stéttarfélagunum og stofnunum þar sem við veltum því upp hvað gæti verið að valda mikilli fækkun tilvísana.“

Helga nefnir að í kjölfar þessarar naflaskoðunar hafi komið fram sú ósk frá Virk að þátttakendur væru þjónustaðir allt árið, ekki bara eftir línunum sem hófust þrisvar yfir árið. „Við breyttum því í raun öllu starfinu og mótuðum sex vikna stundatöflur með sama innihaldi og línurnar voru en fólk valdi eftir því hvað það þurfti í sína eigin stundatöflu. Ef fólk kláraði eitthvað að vori, þá fór það bara í eitthvað annað að hausti. Við reyndum að hafa þetta á ársgrundvelli og í rauninni er ennþá sama innihaldið þó leiðirnar hafi auðvitað þróast. Þetta er

sama innihaldið og við vinnum eftir sömu hugmyndafræði og var í línunum en fólk er að koma inn allt árið. Við erum því að fá til okkar nokkrar tilvísarnir í mánuði og það eru nokkrir sem útskrifast í hverjum mánuði einnig. Í fyrstu var bara útskrift eftir þrjár annir. Núna getur þjónustuvegi útskrifast eftir þrjá mánuði af því að hann er tilbúinn til þess að fara. Leiðin er því mun einstaklingsmiðaðri en áður var. Það sem við höfum hins vegar þurft að gera í þessu nýja fyrirkomulagi er að huga vel að hópeflinu því hópdynamíkin breyttist töluvert,“ segir Helga um breytta fyrirkomulagið. Hún segir miklu skipta í endurhæfingarferlinu að hafa þennan náungakærleika og stuðning hvert við annað og því sé hópefli tvisvar sinnum í viku meðan á ferlinu stendur.

### **Mun minna brottfall**

Eftir að endurhæfingarferlið var tekið til endurskoðunar snarminnkaði brottfall, sem áður hafði verið töluvert eins og komið hefur fram. Helga segir skýringuna m.a. að leita í því að skilgreiningar brottfalls hafi breyst. „Áður þurfti fólk að klára alla önnina innan þeirra línu sem það var skráð í og alla línuna. Í dag erum við að horfa á brottfall allt öðruvísi. Við erum að horfa á brottfall ef þátttakendur eru of veikir til að vera í endurhæfingu, ef þeir hafa fallið í neyslu, hætta að mæta eða ef um andlát er að ræða. Brottfallið í sjálfu sér er miklu minna en það er líka allt annað viðmið. Áður þurftir þú að klára línuna en í dag þá getur þátttakandinn tekið upp þráðinn að nýju og jafnvel annarsstaðar ef hann flytur t.d. út á land. Þá vísum við málinu til þjónustuaðila í hans nýja heimabæ. Þannig að maður horfir öðruvísi á þetta. Í dag erum við að tala um brottfall upp á 2-3%. Þetta er veruleg breyting.“

Helga segir það geta verið mikið átak fyrir fólk að stíga skrefið að fara út á vinnumarkaðinn en það er liður í endurhæfingarferlinu að fara í starfsnám. Þau hafi verið svolítið í bómull hjá þeim í endurhæfingarferlinu og að þetta skref sé mest krefjandi skrefið í ferlinu. „Það er alltaf mikill kvíði í fólkinu, sem maður sér hverfa um leið og maður er kominn í samband við fyrirtækið. Við eigum í mjög góðu samstarfi við fyrirtæki á svæðinu og við sjáum mikla breytingu á fólki um leið og það er komið inn í fyrirtækið til starfa. Við fylgjumst vel með þeim og veitum þeim þá eftirfylgni sem er hluti af endurhæfingarferlinu, hvort sem fólk fer út á vinnumarkaðinn eða í nám. Þegar fólk útskrifast héðan þá vitum við nákvæmlega hvort það er að fara að sækja um örorku, er komið í vinnu, er á leiðinni í vinnu, er að fara í nám o.s.frv. Þetta gerum við í janúar ár hvert og skráum hjá okkur. Svo kíkjum við yfir þetta. Alla jafna eru 50-70% að skila sér út á vinnumarkaðinn eða fara áfram í nám.“

Auk eftirfylgni og góðrar umhyggju starfsfólks út allt endurhæfingarferlið segir Helga nauðsynlegt að samstarf Samvinnu og Virk sé gott. Hún nefnir að það sé alveg til fyrirmyndar og að haldnir séu reglulegir fundir auk reglulegra samskipta vegna sameiginlegra mála sem snúa að þátttakendum. „Ráðgjafar Samvinnu sitja rýni með sérfræðingum og ráðgjöfum Virk þar sem skoðuð er framvinda hvers einstaklings og áætlun um næstu skref er gerð. Einnig erum við í samstarfi við önnur stéttarfélag, Vinnumálastofnun og Festu lífeyrissjóð sem líka eru í sama húsi,“ segir Helga að lokum.

## 16. Starfsmenn MSS í maí 2018

Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður

Arndís Harpa Einarsdóttir náms- og starfsráðgjafi

Áslaug Bára Loftsdóttir verkefnastjóri

Birna Vilborg Jakobsdóttir verkefnastjóri

Eydís Eyjólfsdóttir þjónustufulltrúi

Gunnrún Theodórsdóttir félagsráðgjafi

Haukur Hilmarsson ráðgjafi

Hólmfríður Karlsdóttir verkefnastjóri

Hrönn Auður Gestsdóttir þjónustufulltrúi

Kristinn Bergsson þjónustufulltrúi

Nanna Bára Maríasdóttir verkefnastjóri

Ragnhildur Helga Guðbrandsdóttir verkefnastjóri og ráðgjafi

Smári Þorbjörnsson verkefnastjóri

Steinunn Björk Jónatansdóttir náms- og starfsráðgjafi

Sunna Hafsteinsdóttir ráðgjafi

Sveindís Valdimarsdóttir verkefnastjóri

Særún Rósa Ástþórsdóttir verkefnastjóri

Unnar Sigurðsson verkefnastjóri



## 17. Heimildir

Ársskýrslur MSS 2011, 2012, 2013, 2014, 2015 og 2016. Sóttar 29. desember 2017 til 8. janúar 2018 af <http://www.mss.is/um-okkur/arsskyrslur>

Ársskýrslur Samvinnu 2008-2009, 2009-2010, 2010-júní 2011, júlí – desember 2011 og 2014 janúar-júní.

Ársskýrslur Samvinnu 2012 og 2013. Sóttar 8. – 25. janúar 2018 af <http://www.mss.is/um-okkur/arsskyrslur>

Dagný Hulda Erlendsdóttir. (2017). Innflytjendur auðga samfélagið. *Víkurfréttir*. Sótt 21. mars 2018 af <http://www.vf.is/mannlif/innflytjendur-audga-samfelagid/73591>

Hagstofa Íslands. Brautskráðir nemendur eftir skólastigi, landsvæði, aldursflokk og kyni 1995-2013. Sótt 8. janúar 2018 af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_skolamal\\_4\\_haskolastig\\_1\\_hsProf/SKO04201.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_4_haskolastig_1_hsProf/SKO04201.px/)

Íbúakönnun á Reykjanesi. (2016.) Staða og mikilvægi búsetuskilyrða. *Heklan, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja*. Sótt 7. janúar 2018 af [https://sss.is/sites/default/files/ibuakonnun\\_a\\_reykjanesi\\_2016\\_lok.pdf](https://sss.is/sites/default/files/ibuakonnun_a_reykjanesi_2016_lok.pdf)

Reykjanesbær. (2018). Fleiri hafa lokið háskólanámi og atvinnurekendum hefur fjölgað. Sótt 31. janúar 2018 af <https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/rnb/frettir/fleiri-hafa-lokid-haskolanami-og-atvinnurekendum-hefur-fjolgad>

Ræður Guðjónínu Sæmundsdóttur, Guðlaugs Tómassonar og Ragnheiðar Guðmundsdóttur sem fluttar voru á afmælishátíð 1. febrúar 2018.

Svanhildur Eiríksdóttir. (2007). Bylting í menntunarmálum á Suðurnesjum. Saga MSS í 10 ár. *Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum*. Sótt 2. janúar 2018 af á <http://www.mss.is/files/pdf-skjol/saga-mss-i-10-ar.pdf>

Vefur MSS, [www.mss.is](http://www.mss.is)

Vefur Víkurfréttar, [www.vf.is](http://www.vf.is)

### Viðtöl við:

Berglindi Kristinsdóttur

Birnu Vilborgu Jakobsdóttur

Gerði Pétursdóttur

Guðjónínu Sæmundsdóttur

Guðlaugu Maríu Lewis

Hrönn Auði Gestsdóttur

Jennýju Þórkötlunni Magnúsdóttur

Jónínu Magnúsdóttur

Ragnhildi Helgu Guðbrandsdóttur

Særúnu Rósu Ástþórsdóttur

Önnu Lóu Ólafsdóttur